

# MÁGUSARÍÐUNDI 2010





## EIGNASAFN 2

# 13,1%


ávöxtun\*

EIGNASAFN 2 hefur skilað 13.1%ávöxtun síðustu 12 mánuði.\*

EIGNASAFN 2 er góðávöxtunarleið fyrir þá sem vilja stöðugaávöxtun og litla áhættu.

Eignasamsetning EIGNASAFNS 2 (28. febrúar 2010):

■ 46% RÍKISSKULDABRÉF  
 ■ 54% INNLÁN



Íslensk verðbréf bjóða upp á fjögur önnur eignasöfn með mismunandi fjárfestingarstefnur sem henta bæði einstaklingum sem og öðrum fjárfestum.

**Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á [www.iv.is](http://www.iv.is)**

Íslensk verðbréf:

- Traust og ábyrgt fjármálafyrirtæki
- 23 ára reynsla íávöxtun fjármuna
- Eignastýring á 95 milljörðum fyrir viðskiptavinum

\*Míðað við 28. febrúar 2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun áávöxtun í framtíð.

Við vökum yfir fjármunum þínum





## Mágusartíðindi 6. tölublað 2010

### Útgefandi

Mágus,  
félag viðskiptafræðinema við HÍ

### Ritstjóri

Guðbjörg Erla Ríkharðsdóttir

### Ritnefnd

Halldór Ási Stefánsson, Hjalti Rúnar  
Sigurðsson, Kristinn Sigurðsson og  
Margrét Theodórsdóttir

### Heimasíða

www.magusartidindi.net

### Ljósmyndir

Anna Margrét Ingólfssdóttir, Elvar Páll  
Sævarsson, Halldór Ási Stefánsson,  
Hjalti Rúnar Sigurðsson, Jón Þorgeir  
Kristjánsson (www.jorri.is), Steinunn  
Tómasdóttir.

### Hönnun og umbrot

Gréta Ösp

### Prentun

Prentsmiðjan Oddi

# EFNISYFIRLIT

Ritstjórn Mágusartíðinda . . . . .	5
Formannspistill . . . . .	6
Stjórn Mágusar . . . . .	7
Íslensk verðbréf . . . . .	9
Golfmót . . . . .	11
Viðskiptaannáll . . . . .	12
Félagslíf 2009-2010 . . . . .	16
Hilmar Veigar Pétursson, CCP . . . . .	18
Ölvisholt . . . . .	21
Lokaritgerðir . . . . .	22
Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra . . . . .	24
Karla- og kvennakvöld . . . . .	29
Nýnemaferð . . . . .	31
Meniga, nýtt heimilisbókhalð . . . . .	33
Mágus - Orator . . . . .	35
Spjallað við nýnema . . . . .	36
Spurningar milli sviða . . . . .	38
Sigurður Gunnlaugsson, kennari . . . . .	41
Paska Semma NESU . . . . .	42
Árshátíðin . . . . .	44
Matreiðsluhornið . . . . .	46
Eldar Ástþórsson, Gogoyoko . . . . .	50
Skiptibókamarkaður.is . . . . .	53
10 dropar . . . . .	54
Stefán Pálsson . . . . .	56
Kennararnir okkar . . . . .	58
Kreppan í jákvæðri mynd . . . . .	59
Bílar nema . . . . .	61

### Kærar þakkir

Anna María Þorleifsdóttir, Ágúst Halldórsson, Einar Haraldsson, Ellisif Sigurjónsdóttir, Eva Björk Óladóttir, Freyðis Bjarnadóttir, Fríða Hrönn Halldórsdóttir, Gréta Ösp Jóhannesdóttir, Hjalti Rögnvaldsson, Hjörtur A. Guðmundsson, Hlynur Hauksson, Hlynur Magnússon, Höskuldur Elefsen, Iðnó, Ingvar Sigurðsson, Júlía Skagfjörð, kennararnir okkar, María Ingunn Þorsteinsdóttir, Rúnar Ólason, Sindri Jónsson, Steinunn Árnadóttir, Stjórn Mágusar, Tradition, Tryggvi Karl Valdimarsson og Þóra Pálsdóttir.

### Kæri lesandi

Effir langa meðgöngu líta Mágusartíðindi 2010 loksins dagsins ljós. Síðustu vikur hafa einkennst af mikilli vinnu og stressi og allt var lagt til svo að blaðið yrði hið glæsilegasta. Ritnefndin er sammála um að vel hafi tekist til og að þú lesandi góður hafir í höndunum frábært og málefnalegt blað. Í blaðinu í ár er, líkt og fyrri ár, viðtöl við þekktu menn í atvinnulífinu. Einnig er að finna umfjöllun um félagslíf Mágusar og þá fjölmörgu atburði sem stjórnin hefur staðið fyrir á skólaárinu. Við kynnumst nemendum deildarinnar aðeins betur í blaðinu og fáum meðal annars að kíkja í heimsókn til þeirra.

Ritnefndin þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg við að gera Mágusartíðindi að veruleika, kærlega fyrir hjálpinu. Við vonum að þú njótir þess að lesa blaðið, finnur eitthvað við þitt hæfi og hafir gagn og gaman af.

Guðbjörg Erla Ríkharðsdóttir, ritstjóri.



Efri röð: Hjalti Rúnar Sigurðsson og Kristinn Sigurðsson  
Neðri röð: Guðbjörg Erla Ríkharðsdóttir, Halldór Ási Stefánsson og Margrét Theodórsdóttir



# KÆRU MÁGUSARMEÐLIMIR OG SAMNEMENDUR

Mágus er eitt skemmtilegasta og virkasta nemendafélagið innan Háskóla Íslands. Þetta hafi þið oft heyrt, vitið og fundið fyrir sjálf. Maður spyr sig hvort að Mágusarmeðlimir segi þessa sögu of oft? Nei, því góð saga er aldrei of oft sögð.

Við erum kannski heilinn en þið eruð hjartað

Þegar við í stjórn Mágusar buðum okkur fram vissum við að við ættum ekki auðvelt ár fyrir höndum. Við vissum þó að menningin og stemmingin sem hefur myndast innan félagsins seinustu áratugi var til staðar og hana urðum við að virkja.

Við höfðum ekki einu sinni einn tíunda af þeim styrkjum sem fyrri ár höfðu

Þá skiptir hjartað mun meira máli. Þið mætið viku eftir viku og myndið stemminguna sem gerir félagið að því sem það er, skemmtilegasta og hugsanlega besta nemendafélag innan Háskóla Íslands.

Mágus er eitt skemmtilegasta og virkasta nemendafélagið innan Háskóla Íslands

Það voru nokkrir hlutir sem við vildum breyta. Má þar nefna að hafa fleiri salapartí, skemmta okkur oftast með öðrum deildum og hafa alltaf opna hurð. Það sem ég meina með opinni hurð er að passa upp á að það myndist ekki á neinum tímamarki einhverskonar elíta. Sem dæmi þá man ég mjög eftir því þegar ég var í nýnemaferðinni á mínu fyrsta ári og einhverjir af stjórninni voru að blanda geði en meiri hlutinn hékk inn í eldhúsi með læsta hurð. Þetta er eitthvað sem hefur gengið mjög vel í ár og hvet ég næstu stjórnir til þess að hafa einnig að leiðarljósi.

Þegar á árið leið þá komumst við öll að því að vinnan fyrir Mágus var mun erfiðari en búist var við. Við höfðum ekki einu sinni einn tíunda af þeim styrkjum sem fyrri ár höfðu, þannig að við urðum að fara nýjar leiðir til þess halda jafn skemmtilega atburði og að þeir yrðu að kosta mun minna. Við fórum nýjar leiðir og stundum tókum við áhættur sem flestar borguðu sig en því miður ekki allar.

Málið er að þó að Stjórn Mágusar skipti máli þá hefði ekkert af þessu verið mögulegt án þeirra sem eru í Mágusi, án þín. Við erum kannski heilinn en þið eruð hjartað og eins og allir vita

Jakob Ómarsson  
formaður Mágusar 2009-2010

# STJÓRN MÁGUSAR

Herdís Ólöf Kjartansdóttir, gjaldkeri  
Guðbjörg Erla Ríkharðsdóttir, ritstjóri  
Jakob Ómarsson, formaður

Sigurður Svansson, kynningarfulltrúi  
Guðlaug Ottósdóttir, ritari  
Steinunn Tómasdóttir, fulltrúi NESU





# ÍSLENSK VERÐBRÉF

Íslensk verðbréf eru sérhæft eignastýringarfyrirtæki sem þjónustar viðskiptavinum um land allt. Félagið var stofnað árið 1987 og er eitt elsta starfandi fjármálafyrirtæki landsins. Höfuðstöðvarnar eru á Akureyri en nýlega var opnuð skrifstofa í Reykjavík sem svar við aukinni eftirspurn eftir þjónustu félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Við ræddum við Arne Vagn Olsen en hann er forstöðumaður markaðs- og sölusviðs og hefur unnið hjá Íslenskum verðbréfum frá árinu 1999, að undanskildu 2ja ára hléi þegar hann nam MBA við Copenhagen Business School. Við spurðum hann ýmissa spurninga um þetta vel rekna fyrirtæki sem til að mynda skilaði 166 milljóna króna hagnaði árið 2009.

## Í hverju felst starfsemi Íslenskra verðbréfa og hversu umfangsmikil er hún?

Kjarnastarfsemin felst í eignastýringu fyrir almenna sparifjáreigendur sem og fagfjárfesta. Eignastýring felur einfaldlega í sér ávöxtun á fjármunum viðskiptavinar eftir fyrirfram skilgreindum fjárfestingarheimildum.

Sérstaða Íslenskra verðbréfa felst í því að við sinnum einungis eignastýringu. Samanborið við samkeppnisaðila er viðskiptalíkan okkar einfalt, við flækjum ekki starfsemina með fyrirtækjaráðgjöf, útlánastarfsemi eða aðra afleidda þætti heldur einbeitem okkur að því að ávaxta fjármuni viðskiptavina. Öll starfsemi fyrirtækisins er sniðin að þessu markmiði, þ.e. að ná sem bestri ávöxtun á það fé sem viðskiptavinir hafa falið okkur að ávaxta.

Önnur sérstaða kemur til sem afleiðing af hruninu – við erum búin að vera starfandi síðan 1987 og eftir hrúnið vöknudum upp við það að vera orðin eitt af elstu starfandi fjármálafyrirtækjum landsins.

## Hverjir standa á bakvið Íslensk verðbréf?

Kjölfestan er eignarhald þriggja lífeyrissjóða sem saman eiga 40% hlut í fyrirtækinu. Þetta eru Stapi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga og Lífeyrissjóður Vestfirðinga. Að auki á Byr sparissjóður rúm 27% sem hann

eignaðist við sameiningu við Sparissjóð Norðlendinga. Heildarfjöldi hluthafa er 12.

## Flest allt ykkar starfsfólk er á Akureyri, stendur ekkert til að fjölga starfsmönnum á höfuðborgarsvæðinu og auka umsvifin þar?

Frá því í sumar höfum við verið með skrifstofu í Reykjavík að Sigtúni 42, en opnun hennar tengist aukinni eftirspurn eftir þjónustu okkar á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru þar starfandi þrír starfsmenn og ef svo fer fram sem horfir verður þeim fjölgað áður en langt um líður.

Aukin eftirspurn kemur m.a. til af sérhæfingunni en ekki síður þeirri staðreynd að margir líta á Íslensk verðbréf sem hlutlausu fyrirtæki á markaðinum. Við höfum jafnframt verið með fjölda viðskiptavina í Reykjavík í gegnum árin og opnun skrifstofunnar er sömuleiðis liður í að þjónusta þá enn betur.

## Það hlýtur að vera gríðarlega erfið að reka fjármálafyrirtæki í þessu árferði, en ykkur tókst nú samt að skila 166 milljóna króna hagnaði árið 2009, hver er skýringin á því?

Það er rétt að hagnaður var vel viðunandi árið 2009 sé tekið mið af þeim aðstæðum sem þá voru fyrir hendi á



Íslandi. Reyndar er það svo að Íslensk verðbréf hafa skilað hagnaði óslitið frá árinu 2001 en fá fjármálafyrirtæki hérlandis, ef nokkurt, getur státað af því.

Skýringarnar eru nokkrar, í fyrsta lagi fjárfestum við ekki fyrir eigin reikning eins og samkeppnisaðilar okkar hafa gert og því varð félagið ekki fyrir tapi af þeim völdum. Í öðru lagi höfum við ekki afskrifað útlán ólíkt samkeppnisaðilum okkar, útlán eru ekki til staðar hjá okkur enda ekki hluti af starfsemi Íslenskra verðbréfa.



## Nú hafa margir gagnrýnt stjórnvöld fyrir að hafa brugðist illa við eftir hrun fjármálakerfis okkar Íslendinga, gjaldeyrishöft og skattahækkningar hljóta að hamla starfsemi ykkar?

Því er ekki að neita að aðstæðurnar hafa breyst mikið og það hefur auðvitað haft áhrif á okkar starfsemi. Stærstu áhrifin eru líklega gjaldeyrishöftin, en fyrir hrun var nokkur hluti okkar starfsemi fólgin í fjárfestingum erlendis fyrir hönd okkar viðskiptavina. Þessi viðskipti eru nú mun erfiðari, enda mega fjárfestar einungis endurfjárfesta því fjármagni sem þeir höfðu erlendis fyrir gildistöku gjaldeyrislaganna, þeim er með öðrum orðum ekki heimilt að bæta nýjum fjármunum við eignasafn sitt í erlendum verðbréfum.

## Hvernig metur þú helstu sóknartækifærin sem eru í boði við núverandi aðstæður hvað Íslensk verðbréf varða?

Sóknartækifærin felast í því að koma Íslenskum verðbréfum á framfæri við fleira aðila en við höfum gert í dag. Við erum vel varðveitt leyndarmál innan lífeyrissjóðageirans og stýrum nú þegar verulegum fjármunum fyrir stóran hluta þeirra. Í því felst mikil traustfyrirlysing.

Margir utan fagfjárfestageirans hafa ekki heyrt okkar getið, en nú ætlum við okkur að sækja inn á tengda markaði og nota þá þekkingu, reynslu og sérhæfingu sem félagið hefur öðlast allt frá stofnun árið 1987.

Viðskiptavinum Íslenskra verðbréfa hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin misseri. Undantekningalítið eru þeir hrifnir af sérhæfingu félagsins en um leið margir hverjir brenndir af viðskiptum við samkeppnisaðila okkar. Sóknartækifærin liggja einmitt hjá þessum hópi, þ.e. aðilum sem vilja traust og sérhæft fyrirtæki til að ávaxta fjármuni þeirra.

## Undanfarið hefur hefur mikið verið rætt um að lífeyrissjóðir landsins opni budduna og fjárfesti í stórum verkefnum, t.d. háskólasjúkrahúsi og slíku, hvað með minni fjárfesta sem hafa fé milli handanna, eru þeir ekki að leggja út í fjárfestingar til að örva atvinnulífið?

Fjárfestar almennt hafa skiljanlega haldið að sér höndunum í kjölfar hrunsins. Öryggisleysi er nokkurt og sparifjáreigendur vilja vera 100% öruggir með sitt sparifé.

Það sem færri vita er að þrátt fyrir færri fjárfestingartækifæri í dag er íslenski ríkisskuldabréfamarkaðurinn fjölbreyttur og hægt að fjárfesta töluvert á þeim markaði.

Bæði er um að ræða verðtryggð og óverðtryggð bréf í mismunandi flokkum og með ólíkan líftíma. Sömuleiðis má fjárfesta á hlutabréfamarkaðnum þó takmarkað sé en vonandi eflist hann þegar fram líða stundir.

## Hverjir eru helstu möguleikar Íslands til sóknar á komandi árum til að komast upp úr þessari lægð sem við erum stödd í?

Þetta er stór spurning, en við þurfum að byggja fjármálakerfið upp aftur þannig að það geti stutt við bakið á fyrirtækjum landsins. Þetta virðist ganga hægt um þessar mundir en um leið og hreyfing kemst á hlutina munum við sjá mikinn kraft hér heima.

Á Íslandi er mikið af hæfu fólki sem skortir verkefni og það er slæmt. Um leið og við náum að virkja þetta fólk förum við að sjá sprotafyrirtæki spretta upp sem hvert um sig geta verið vísir að einhverju mun stærra.

Við búum í landi sem er ríkt af náttúruauðlindum, íbúar eru með hátt menntunarstig og þegar þetta spilar allt saman eigum við að geta tekið á flug aftur fljótlega og jafnvel farið hærra en undanfarin ár. Það þarf að virkja kraft sem er til staðar, takist það munum við sigla út úr kreppunni fyrir en varir.





# GOLFMÓT MÁGUSAR

Þann 18. september 2009 var hið árlega Golfmót Mágusar haldið. Að þessu sinni varð Setbergsvöllur í Hafnarfirði fyrir valinu. Mótið fór mjög vel fram og voru um 25 nemendur í viðskiptafræði á öllum aldri sem tóku þátt. Þátttakendur voru misvanir golfi enda árangurinn eftir því, en aðalatriðið er ekki alltaf að vinna heldur að taka þátt og vera með. Mottó sem margir virtust hafa tileinkað sér, enda er ekki leiðinlegt að vera úti í góðra vina hópi og hreyfa sig.



Veðrið var nokkuð gott, skýjað en ágætis hiti en þegar liða fór á daginn féllu nokkrir rigningadropar sem enginn lét á sig fá.

Spilað var eftir kerfi sem heitir Texas scramble. Sem virkar þannig að tveir kylfingar spila saman, einn reyndur og einn óreyndur og eru 2 þör ræst út í einu og fylgjast þau að allan tímann. Má segja að þetta hafi allt tekist nokkuð vel og að lokum stóð Axel Lárusson uppi sem sigurvegari mótsins. Var hann krýndur og leystur út með verðlaunum um kvöldið í svakalegu salsapartýi sem haldið var í sal Sjálfstæðisflokksins í Mjóddinni. Einnig fengu verðlaun Einar Haraldsson fyrir flottasta outfittið og Axel Lárusson og Ragnar Smári Guðmundsson fyrir besta liðið.



**Herdís Ólöf Kjartansdóttir**

Sérstaka athygli vakti að formaður íþróttanefndar og nokkrir aðila úr stjórn Mágusar voru einstaklega brúnir þegar þau mættu á mótið. Höfðu þau daginn áður ákveðið að fara í brúnkusprautun til þess að passa við þema kvöldisins, salsa, og vildu þau helst líta út eins suður Amerikanar. Þið getið svo dæmt af myndunum hvað ykkur finnst um þetta uppátæki þeirra.

## Fáðu þér Nova símkort í símann

### 0 kr. Nova í Nova – vertu með!

Nova símkort gengur í alla farsíma og ef þig vantar nýjan síma þá eigum við úrvalið af þeim á frábæru verði.

0 kr. Nova í Nova hópurinn er kominn yfir sextíuþúsund manns! Það kostar ekkert að flytja símanúmerið til Nova. Komdu í næstu Nova verslun eða á [nova.is](http://nova.is) og láttu flytja númerið þitt yfir til Nova.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

# NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Það kostar 0 kr. að flytja GSM símanúmer til Nova frá öðru símafyrirtæki. Nýtt 77x xx xx Nova símanúmer kostar 2.000 kr. og Gull símanúmer kosta 6.000 kr. Áskrift 490 kr. mánaðargjald en 0 kr. í frelsi. 0 kr. Nova í Nova: 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.



# VIÐSKIPTAANNÁLL

## Verðþróun

Vísitala neysluverðs í desember 2009 hækkaði um 0,48% frá fyrra mánuði (0,63% án húsnæðis). Á tólf mánuðum ársins 2009 hefur vísitalan hækkað um 7,5% (11,3% án húsnæðis). Meðalvísitala neysluverðs árið 2009 var 344,6 stig (maí 1998=100), 12,0% hærri en meðalvísitalan 2008. Meðalvísitala neysluverðs án húsnæðis árið 2009 var 321,4 stig, 16,1% hærri en meðalvísitalan 2008.

## Atvinnuleysi

Á fjórða ársfjórðungi 2009 voru 178.500 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 166.500 starfandi en 12.000 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist 80,3% en atvinnuleysi var 6,7%. Atvinnulausum fjölgaði um 4.600 frá fjórða ársfjórðungi 2008 og starfandi fækkaði um 8.500. Atvinnuleysi var 6,6% á höfuðborgarsvæðinu en 7% utan þess. Meðalföldi vinnustunda var 38,9 klukkustundir hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 44,6 klukkustundir hjá þeim sem voru í fullu starfi en 23 klukkustundir hjá þeim sem voru í hlutastarfi. Þeir sem hafa verið

atvinnulausir í þrjá til fimm mánuði fjölgaði um 1.100 manns, úr 1.000 á fjórða ársfjórðungi 2008 í 2.100 á fjórða ársfjórðungi 2009. Að sama skapi hefur þeim sem hafa verið atvinnulausir í sex mánuði eða lengur fjölgað um 3.900 manns, úr 300, eða 4,5% atvinnulausra, í 4.200 manns, eða 34,6% atvinnulausra.

## Bílageirinn og Flugfélögin

Nýskráningar bíla í janúar– desember voru 2.830 sem er 77,0% fækkun frá janúar–desember árið 2008. Bílafyrirtæki landins lentu í gríðarlegum erfiðleikum vegna þessa samdráttar. Landsbankinn leysti til sín hlut í Toyota á Íslandi sem var settur í sölumæðferð í lok ársins. Ingvar Helgason og B&L sameinuðu höfuðstöðvar sínar að Sævarhöfða 2 og í apríl voru 127 starfsmenn hjá félögunum en árið áður voru þeir 260. Það er Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði sem á bæði félögin.

Samtals komu 715 þúsund farþegar til landsins um Keflavíkflugvöll í janúar– desember 2009 borð saman við 887 þúsund farþega í janúar–desember 2008. Þetta er 19,4% samdráttur. Þá eignaðist ríkið á árinu 80% hlutafé í Icelandair Group í gegnum Íslandsbanka,

skilanevnd Landsbanka og Sparisjóðsbankann. Félagið var sett í söluférlu en eins og gefur að skilja er ekki allra besta ástand á mörkuðum í dag til að fá hátt verð fyrir eignirnar.

## Launabreytingar

Launavísitala í nóvember hækkaði um 1,5% frá fyrri mánuði. Síðastliðna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 4,0%. Vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 8,6%. Kaupmáttur launa mældist því 4,3% minni í nóvember 2009 en á sama tíma árið áður. Meðalkaupmáttur fyrstu ellefu mánaða 2009 er 7,6% minni en á sama tímabili á síðasta ári.

## Innlend effirspurn

Kreditkortavelta heimila dróst saman um 9,7% í janúar–nóvember árið 2009 miðað við sömu mánuði árið áður. Debetkortavelta jókst hins vegar um 6,4% á sama tíma. Samtals drógst innlend greiðslukortavelta heimila í janúar–nóvember 2009 saman um 2,0%. Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis drógst saman um 18,3% en erlend greiðslukortavelta hérlandis jókst um 54,2% í janúar–nóvember 2009 miðað við sömu mánuði 2008. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 16,6% (miðað við meðaltal vísitölunnar í janúar–nóvember), sem þýðir 16,0% raunlækkun á innlendra greiðslukortaveltu.

## Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir allt árið 2009 voru fluttar út vörur fyrir 497,1 milljarð króna en inn fyrir 409,9 milljarða króna fob (445,4 milljarð króna cif). Afgangur var á vöruskiptunum við útlönd samkvæmt bráðabirgðatölum, reiknað á fob verðmæti, sem nam 87,2 milljörðum en á sama tíma árið áður voru þau óhagstæð um 8,9 milljarða á sama gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 96,1 milljarði króna hagstæðari en á sama tíma árið áður.

## Útflutningur

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2009 var heildarverðmæti vöruútflutnings 20,6% minna en á sama tíma árið áður á föstu gengi. Iðnaðarvörur voru 48,2% alls útflutnings og er þetta annað árið í röð, frá því að skráning á árlegum útflutningi hófst með reglubundnum hætti árið 1862, sem hlutdeild iðnaðarvara er hærri en sjávarafurða. Verðmæti iðnaðarvara var 26,5% minna á árinu 2009 en árið áður og vó ál þyngst í útflutningnum. Sjávarafurðir voru 42,0% alls útflutnings og var verðmæti þeirra 9,2% minna en á sama tíma árið áður.

## Innflutningur

Samkvæmt bráðabirgðatölum var verðmæti vöruinnflutnings á árinu 2009 35,4% minna á föstu gengi en á sama tíma árið áður. Stærstu liðir innflutnings 2009 voru hrá- og rekstrarvara með 30,5% hlutdeild og fjárfestingarvara með 21,6% hlutdeild. Samdráttur varð í nær öllum liðum innflutnings en af einstökum liðum varð mestur samdráttur í krónum talið, í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru, í innflutningi á fjárfestingavöru og á flutningatækjum, aðallega fólksbílum og flutningatækjum til atvinnurekstrar.

## Fiskafli og útflutningsverð

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 106 milljörðum króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2009, samanborið við 91 milljarð yfir sama tímabil 2008. Aflaverðmæti hefur því aukist um 15 milljarða eða 16,6% á milli ára.

Útflutningsverð sjávarafurða í íslenskum krónum var 22,1% herra í janúar–nóvember 2009 miðað við sama tíma í fyrra. Gengisvísitala (meðaltal) íslensku krónunnar hækkaði um 36,9% á sama tíma.

## Gjaldþrot fyrirtækja og nauðasamningar

Árið 2009 voru 908 fyrirtæki gjaldþrota miðað við 748 á árinu á undan. Þá voru 2642 fyrirtæki skráð ný, miðað við 2571 á árinu 2008.

Mörg af stærstu fyrirtækjum landsins fóru í þrot á árinu. Ber þar hæst gjald-



þrot Baugs Group og Milestone. Lýstar kröfur í þrotabú Baugs námu 319 milljörðum króna. Er þetta mesta gjaldþrot einkafyrirtækis hér á landi, að þroti bankanna frátöldu. Komust mörg smærri fjármálfyrirtæki í vanda við þetta, til að mynda Byr og Icebank, en þau höfðu lánað Baugi fjárhæðir sem voru taldar lítills virði eftir að Baugur fór í þrot.

Þó voru fleiri stór fyrirtæki sem fóru á hliðina á árinu, til að mynda Stoðir Invest, Fons, Nýsir. Þá eru ótalin fjölmörg fyrirtæki sem komust í hendur ríkisins þegar bankarnir tóku skuldsett fyrirtæki yfir.

## Rannsókn á bankahruni

Í byrjun árs hóf rannsóknarnefnd Alþingis handa við að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008. Í henni eiga sæti Páll Hreinsson hæstaréttardómari, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og Sigríður Benediksdóttir kennari við hagfræðideild Yale-háskóla í Bandaríkjunum.

Átti nefndin að skila af sér skýrslunni 1. nóvember 2009 en sú tímasetning stóðst ekki.

Þá tók einnig til starfa sérstakur saksóknari í byrjun árs, Ólafur Þór Hauksón, sem fór um leið í leyfi frá störfum sem sýslumaður á Akranesi. Einnig voru ráðnir þrjú sérstakir saksóknar sem störfuðu ásamt Ólafi við rannsókn mála. Ljóst var að verkefnið sem biðu rannsóknarnefndar og embættis sérstaks saksóknara voru gríðarlega umfangsmikil og tímafrek. Tugir manna fengu stöðu sakborninga og hundruðir klukkustunda fóru í yfirheyrslur.



Þá var Jónasi Fr. Jónssyni sagt upp störfum sem forstjóri FME þann 25. jan og við hans störfum tók Gunnar Andersen.

Einnig var seðlabankastjórnunum þremur sagt upp í byrjun árs með lagabreytingu eftir að Vinstri stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók til starfa. Svein Harald Öygard var settur tímabundið í embætti og gegndi hann stöðu seðlabankastjóra







## Í ÞÍNUM HÖNDUM

Náttúran er villt og lýtur eigin lögmálum. Það er því á okkar ábyrgð hvernig við umgöngumst hana. Látum þau áhrif sem við höfum á umhverfi okkar vera til hins betra.

Sigarettustubbar eru mörg ár eða áratugi að eyðast í náttúrunni og hafa þar að auki fundist í maga fugla, fiska og sjávarspendýra.

VÍNBUÐIN

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga óskar öllum félagsmönnum Mágus velfarnaðar í námi og starfi og þakkar góð samskipti á liðnum árum

“Augljóst og heillandi markmið gefur okkur kraft til að afkasta hverju sem er. Það sem mannlegur hugur skilur og trúir, það getur hann líka framkvæmt.”

– Napoleon Hill



**KVH**

STÉTTARFÉLAG VIÐSKIPTAFRÆÐINGA  
OG HAGFRÆÐINGA

þangað til 20. ágúst er Már Guðmundsson tók við starfinu eftir að farið hafði verið í gegnum 15 umsóknir um stöðuna.

### Bankarnir

Ljóst var að bankarnir stefndu í erfiða baráttu á árinu eftir gríðarlegt eignatap við hrunið. Var talið að virði eignanna væru þriðjungur af því sem það nam fyrir hrun. Tveir bankanna fóru þó í meirihluta hendur kröfuhafa á árinu en ríkið hélt eftir rúmlega 80% hlut í Landsbankanum og minna í Íslandsbanka (fyrrum Glitni) og Arion banka (áður Kaupþing).

Þá lentu sparissjóðir landsins einnig í verulegum vandræðum og þurftu margir þeirra að leita á náðir ríkisins um fjárframlög.

Bankasýsla ríkisins tók einnig til starfa en hún á að sjá um eignir lenda í höndum ríkisins. Bankarnir voru mikið gagnrýndir fyrir þá ákvarðanir sínar að þurfa jafnvel að fella niður skuldir útrásarvíkinga þar sem litlar sem engar eignir lágu að baki þeim önnur en verðlaus hlutabréf. Einnig sköpuðust miklar umræður í lok árs um aðdrif stórra fyrirtækja, til að mynda Haga og Samskips, það er hvort fyrrum eigendur fengu þau að nýja eða hvort þau yrðu boðin út á almennum markaði.

### Ný ríkisstjórn, ESB, Icesave

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna var mynduð þann 10. maí á árinu eftir að flokkarnir hlutu meirihluta í alþingiskosningunum 25. apríl. Jóhanna Sigurðardóttir tók við embætti forsætisráðherra og formaður VG, Steingrímur J. Sigfússon tók við starfi fjármálaráðherra. Ljóst var að gríðarlega erfitt verkefni beið þeirra tveggja og ríkisstjórnarinnar í heild, því mikinn fjárlagahalla þurfti að brúa og Icesave viðræður voru í gangi. Þá þurfti einnig að glíma við skuldavanda heimilanna og koma hjólum atvinnulífsins í gang á ný.

Alþingi samþykkti 16 júlí að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Tillagan var samþykkt með 33 atkvæðum. 28 sögðu nei. Tveir greiddu ekki atkvæði.

Samfylkingin sagði öll já, Framsóknarflokkurinn og VG klofnuðu í afstöðu sinni og einn þingmaður Sjálfstæðisflokks, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, sagði já. Í hönd tók tímafrest og kostnaðarsamt umsóknarferli, en meðal annars þurfti stjórnarsýslan að svara 2500 spurningum sem komu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Skipuð var samninganefnd Íslands vegna viðræðanna og var formaður hennar Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu í Brussel.

Ljóst er að mikið mæðir á útflutningsgreinum okkar nú um þessar mundir og bröggust þær vel á árinu sem leið. Til að mynda skilaði CCP töluverðum hagnaði á árinu og ný tækifæri sköpuðust til útflutnings sökum lágs gengis krónunnar, til að mynda með útflutning á bjór, vatni og fatnaði.

Heimildir:  
[www.hagstofan.is](http://www.hagstofan.is)  
Hinir ýmsu innlendu fréttamiðlar



Icesave málið er eflaust eitt mesta fréttafni þessa árs og sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Í febrúar var Svavar Gestsson skipaður formaður samninganefndar Íslands í Icesave viðræðunum, kom nefnd hans með samning heim sem fól í sér miklar byrgðar á íslenska þjóð. Alþingi setti þó fyrirvara um sumarið við þennan samning sem Bretar og Hollendingar neituðu að gangast undir alla skilmálana og því málið allt farið í háaloft aftur.

Alþingi samþykkti þó samningana þann 30. desember þó að fyrirvararnir væru ekki jafn sterkir gagnvart stöðu Íslands og áður, með 33 atkvæðum gegn 30. Lögin voru send Forseta Íslands þau til staðfestingar degi eftir atkvæðagreiðsluna. Þá höfðu hátt í 40 þúsund Íslendingar skorað á hann að senda þau í þjóðaratkvæði. Ólafur Ragnar Grímsson tók sér umhugsunarfrest í málinu og beið þjóðin með öndina í hálsinum eftir niðurstöðu sem drógst fram yfir áramótin.

### Viðskiptamenn ársins

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdarstjóri CCP, hlaut viðskiptaverðlaun ársins hjá Viðskiptablaðinu. Stjórnarformaður Hilmar hjá CCP, Vilhjálmur Þorsteinsson, var valinn stjórnarformaður ársins. Hann hefur fjárfest mikið í nýsköpunarfyrirækjum á Íslandi, til dæmis í Verne Holding sem hefur meðal annars hug á að reisa Gagnaver á Suðurnesjum.

Hjá Frjálsri Verslun voru Feðgarnir í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði valdir menn ársins, en þeir eru Sigurbergur Sveinsson og synir hans Sveinn og Gísli. Hafa þeir rekið Fjarðarkaup í Hafnarfirði í 37 ár og hefur reksturinn verið frábrugðinn öðrum matvöruverslunum hér á landi. Fyrirtækið þykir mjög vel rekið og skuldar ekki krónu í langtímalánum og engin útrás farin undanfarin ár, ekki einu sinni til Reykjavíkur.





## FÉLAGSLÍF 2009-2010

Skemmtanalíf Mágusar 2009 – 2010 hefur hreint út sagt verið frábært. Í byrjun skólaárs tók nýkjörin stjórn Mágusar það erfiða verkefni að setja saman dagskrá af viðburðum sem myndu slá í gegn og get ég með sönnu sagt að það hafi svo sannarlega gengið eftir.

Félagslífið var keyrt af stað með hinni árlegu nýnemaferð, en þá var ferðinni heitið á Kjalarnes, þar sem reynt var að sjóða saman nýliðana með hjálp eldri nemenda og gekk það mjög vel og má segja að fyrstu vinaböndin hafi myndast strax í þeirri snilldar ferð.

Þrátt fyrir frábæra nýnemaferð var engin ástæða til að slá slöku við. Næst á dagskrá var Haustpartíið, en það var haldið í Sjálfstæðissalnum í Mjóddinni.

Þar var sko sannarlega tekið á því og skemmtu nemendur sér gríðarlega vel.

Eftir tvo stóra viðburði kom vísindaferða maraþon þar sem Mágusarmeðlimir fóru í heimsókn í Marel, KPMG, Ölgerðina, SP-Fjármögnun, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Actavis og Seðlabanka Íslands. En það má með sanni segja að það var án efa vísindaferðin í Marel sem kom hvað á óvart. Bæði fengum við áhugaverða og skemmtilega kynningu á fyrirtækinu og einnig fengum við að slá á smá leik, en voru nemendur beðnir um að hanna búnað sem myndi halda eggji ósködduðu við hátt fall, sem sló í gegn hjá þeim sem mættu í ferðina.



Má ekki gleyma karla- og konukvöldi Tradition sem ávalt slær í gegn.

Svo komu jólin og fengu þá nemendur smá tíma til að hlaða batterið fyrir næstu umferð skemmtana og vísindaferða í boði Mágusar.

Eftir áramót var gefið í og fórum við í vísindaferðir til Nova, sem hefur einnig verið vinsæl, til Avant og Landsvirkjunar. En það voru viðburðir eins og Bjórvissuferðin og Árs hátíðin sem stóðu algjörlega uppúr eftir áramótin.

Þegar rennt er yfir árið þá er ekki annað hægt en að en hlakkað til að hefja nýtt skólaár með samnemendum sínum, bjóða nýja nemendur velkomna og vona að við eigum eftir að skemmta okkur jafn vel og við gerðum í ár.

Sigurður Svansson  
kynningarfulltrúi Mágusar





# VIÐTAL

## Hilmar Veigar Pétursson

### Hver er Hilmar Veigar Pétursson?

Hilmar er rauðhærður smiðsonur úr Garðabænum sem hafði á unga aldri svo mikinn áhuga á tölvum að mamma hans hélt að það yrði ekkert úr honum.

### Hvernig kviknaði hugmyndin að þessum leik og hvernig fór ferlið fram?

Tja, þú verður nú eiginlega að spyrja Reyni Harðarson stofnanda CCP að því hvernig að hugmyndin kviknaði, ég kom að málum í mars 2000 þegar framleiðsla á leiknum var að hefjast. Ég hóf störf sem tæknistjóri CCP og mitt fyrsta verk var að lesa símaskrárþykkan hönnunardoðrant um EVE Online og velta því fyrir mér hvernig í ósköpunum við ættum að fara að því að útfæra þessi ósköp áður en sólin gleypir jörðina. Með góðri blöndu af snillingum, brjálæði og þrautseigju tókst þetta svo einhvern veginn.



### Þetta hefur væntanlega verið strembið í byrjun varðandi öflun fjármagns þar sem það liðu 6 ár frá stofnun CCP og að útgáfu leiksins?

Það var kannski ekki svo strembið í byrjun. CCP sótti megnið af sinni fjármögnun í apríl 2000, sem var reyndar nokkrum dögum eftir að netbólan hafði sprungið en fréttirnar höfðu ekki borist til landsins. Það var hinsvegar ekki næg fjármögnun nema fyrir hálfum leik þannig að við þurftum að sækja meiri pening árið 2001 og það var sko erfitt. Það var svona álíka og að vera Internet-fyrirtækja-starfsmaður árið 2001 eins og það er að vera bankastarfsmaður í dag, ekki mikill skilningur og áhugi á því sem að maður var að gera. Okkur tókst samt að skrimta út árið 2001 en undir lokin áttum við engan pening eftir. Fólk hélt samt áfram að mæta í vinnuna þótt engin laun væru greidd og allir starfsmenn CCP unnu launalaust í 3 mánuði, sumir í hálfmánuði.

Pabbi hans Matta (aðalforritara CCP á þeim tíma) kom svo í byrjun árs 2002 og lét okkur fá smá pening sem var nóg til að brúa bilið þangað til við gátum selt útgáfuréttinn að EVE til Simon og Schuster. Söluálagið rétt dugði til að klára leikinn. Við enduðum svo með að kaupa réttinn til baka 2 árum seinna, eftir að Simon og Schuster voru hættir að gefa út tölvuleiki.

### Nú hljómar leikurinn sem mjög flókinn og skrytinn í hugum venjulegs Íslendinga, gætir þú útskýrt í stuttu máli út á hvað hann gengur? Nú er til dæmis sér hagkerfi í leiknum sem íslenskur hagfræðingur er í fullri vinnu við að mæla verðbólgu og þess háttar.

Leikurinn er veröld. Veröld sem samanstendur af 5000 sólkerfum sem

EVE spilarar geta ráfað um nokkurn veginn eins og þeim sýnist, safnað hráefnum, byggt og selt hluti, stundað rannsóknir, háð hernað, stundað geimrán, njósnið eða hvað annað sem þeim dettur í hug nánast. Spilarar hafa mjög frjálsar hendur og hugmyndaflug, kænsla og áræðni hvers og eins eru nánast einu hindranirnar sem flestir ná að rekast á. Spilarar mynda gjarnan með sér pólitísk bandalög og berjast um yfirráð yfir svæðum og auðæfum með öllum þeim klækjum sem þeim dettur í hug eða dunda sér í friði í öruggum hlutum geimsins. Allt eftir smekk hvers og eins. Og vegna þess að í EVE Online spila allir á sama risavaxna netþjóninum, í sama heiminum, þá hafa allir áhrif á alla aðra á einhvern máta, beint eða óbeint.

### Nú hefur Eve online náð gífurlegum vinsældum um allan heim, kom ykkur á óvart hversu ör vöxtur hans varð?

Það var alltaf von okkar að EVE yrði stór og gengi vel en það sem kannski kom okkur þægilega á óvart, að minnsta kosti eftir á að hyggja, er hversu jafn og þéttur vöxturinn hefur verið síðan leikurinn kom út fyrir sjö árum. Þessi jafni og stöðugi vöxtur hefur leyft okkur að þróa þá tækni sem er nauðsynleg til að hýsa alla þessa leikmenn með góðu móti. Ef allir þeir sem spila EVE í dag hefðu hrúgast inn á stuttum tíma í upphafi þá hefðum við örugglega átt í meiri erfiðleikum með að aðlagast kröfum spilaranna. Margir fjölspilunarleikir síðustu ára hafa byrjað mjög vel en hafa að sama skapi fallið hratt. Við komum inn á réttum tíma og uxum á góðum hraða.

### Árið 2006 fóru þið með Eve Online inn á jafnan talin fjölmennasta og harðasta tölvuleikjarmarkað í heimi, í Asíu, hvernig heppnaðist sú útrás?

Hilmar Veigar Pétursson er framkvæmdarstjóri CCP. Hann var valinn viðskiptamaður ársins af Viðskiptablaðinu og Fréttablaðinu ásamt einum öðrum fyrir árið 2009. CCP er fyrirtæki sem er að gera góða hluti þessa dagana og hefur hlotið mikla athygli fyrir góða velgengni. Við spurðum hann útfir fyrirtækið og starfsemi CCP.

Almennt séð myndi ég segja að EVE gangi svona ágætlega í Kína, það er vissulega erfitt að reka leikinn þar vegna þess að við þurfum að gera það í gegnum samstarfsaðila og það gerir það að verkum að við erum ekki eins nátengdir spilarahópnum eins og við erum á vesturlöndum. Það sem við horfum mest til er að það er tugþúsunda kjarnahópur af spilurum að spila kínverska EVE og þeir gera það alveg eins og spilararnir frá öðrum löndum. Við horfum á það sem góðan kjarna til þess að stækka.

### Hvernig fólk er að spila leikinn og hvað eru margir virkir spilarar?

Virkir EVE spilarar eru núna um 330.000 talsins. EVE er spilaður af mjög breiðum hópi fólks frá flestum löndum veraldar. Einmitt af því að við kusum að gera EVE að einni veröld á einum netþjóni í stað þess að búa til margar minni spegladar útgáfur af sama heiminum, þá spila allir saman hvaðan sem þeir koma. Meðalaldur EVE spilara er hærri en í flestum fjölspilunarleikjum, eða um 27 ár. Þó vitum við af fjölmörgum spilurum á miðjum aldri og upp úr sem þeysast um EVE á geimskipunum sínum. Sem dæmi um fjölbreytileika EVE spilara þá var einn rötgróinn EVE spilari að vinna til silfurverðlauna í stórsvigi á Vetrarólympíuleikunum í Vancouver um daginn.

### Nú hafa einnig verið haldin svokölluð „Fan Fest“ hér á landi þar sem leikmenn hvaðanæva úr heiminum hittast og geta einnig rætt við stjórnendur CCP, einnig er svokallað fulltrúaráð spilara hittir CCP hálfárslega, það hlýtur að vera svolítið sérstakt fyrir svona leik?

Aðrir fjölspilunarleikir bjóða stundum upp á sambærilega atburði við

FanFestið okkar en við höfum heyrt að við hleypum spilurum mun nær okkur en gengur og gerist. Þetta er margra daga veisla með fyrirlestrum og partístandi í bland og er ekki síður gefandi fyrir okkur en alla spilarana sem koma alla leið til Íslands til að hitta og skemmta sér með vopnabæðrum úr EVE. Fulltrúaráðið er svo alveg einstakt í þessum bransa. Við tökum EVE veröldina og vilja spilaranna mjög alvarlega og til marks um það ákváðum við að innleiða lýðræði. Leikmenn kjósa sér fulltrúa úr hópi frambjóðenda sem hafa hin ýmsu baráttumál og síðan fljúgum við ráðinu til Íslands tvisvar á ári til að funda stíft með fulltrúum hinna ýmsu deilda innan CCP. Þeir ráðleggja okkur, leggja fram kröfur frá spilurum og miðla upplýsingum til þeirra frá okkur.

### Eins og allir vita er íslenska krónan mjög veik um þessar mundir, fyrir útflutningsfyrirtæki eins og ykkur hlýtur það að vera jákvætt að fá tekjur í erlendri mynt. Hvernig var að starfrækja fyrirtækið í kringum 2005-6 þegar krónan var gríðarlega sterk, kviknaði ekki sú hugmynd að flytja fyrirtækið úr landi?

Styrkingarferli krónunnar í lok árs 2005 kom okkur mjög illa og vorum við algjörlega óvarðir fyrir því enda ekki auðvelt fyrir lítið fyrirtæki að vera að standa í miklum framvirkum afleiðuviðskiptum á þeim tíma. Við reiknuðum tapið sem 150 milljónir króna sem voru peningar sem við höfðum ætlað til vörupróunar og markaðsstarfs sem þurfti að fresta, og sökum þess óx EVE ekki eins hratt og annars hefði orðið.

Við lærðum af þessu lexíu, svipaða og Össur og Marel, og höfum síðan þá ráðið fólk jafnt í útlöndum og á Íslandi. Nú er svo komið að bróðurpartur starfs-

manna CCP er erlendis og starfsmenn á Íslandi fá borgað í evrum.

### Hversu margir starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu og eruð þið ekki alltaf að leita eftir sérhæfðu starfsfólki? Þið hafið gert vel við starfsmenn, t.d. er hobby herbergi þar sem starfsmenn geta spilað pool í vinnutíma og þess háttar til að létta lundina. Finni þið mun á starfsandanum og því hvað þeir leggja til fyrirtækisins og leiksins?

Það vinna núna um 490 starfsmenn hjá CCP í heild, þar af um 240 á Íslandi. Við erum að ráða á fullu þessa dagana til að áætlanir okkar um vöxt og verkefnalok standist. Við leitum helst eftir sérhæfðu starfsfólki með góða menntun og viðtæka reynslu. CCP hefur alltaf lagt mikið upp úr góðum starfsanda og sveigjanleika í starfi. Að búa til leiki á að vera skemmtilegt, við vinnum mikið og skemmtum okkur vel.

### Hvernig sérðu fyrir þér að þróunin á viðskiptalífínu og samfélaginu á Íslandi verði á komandi árum eftir svona alls herjar hrun?

Það fer nú ansi mikið eftir því hvað stjórnvöld ætla sér í gjaldmiðilsmálum. Ef að stefnan verður sett á Evru í Evrópusambandi með markvissu afnámi gjaldeyrishafta þá held ég að við höfum grunn til þess að byggja atvinnulíf sem getur staðið af sér áföll. Er að stefnan er örmynt undir gjaldeyrishöftum þá held ég að við horfum fram á mjög fábreytt atvinnulíf sem býr við handstýrt gengi til þess að jafna sveiflur svo einhæfa atvinnustarfsemin þrífist, svolítið eins og við höfðum á áratugum áður.







# MARKAÐSGREINING

## Dive.is á Íslandi

Ég var lengi búinn að velta fyrir mér hinu ógurlega tólf eininga BS verkefnis monsteri sem beið mín og um hvað í ég ætti nú að skrifa. Það sem mér fannst vera forgangsatridi í þessu var að velja eitthvað sem a) passaði við áhugasvið mitt í skólanum og b) væri áhugasvert og gæti verið sniðugt að skrifa um. Margt kom til greina, en ég hafði þó nýlega unnið að markaðsgreiningu í einum kúrsum hjá Friðriki Eysteins-



Höskuldur Elefsen

syni og fannst mér það ágætis viðfangsefni. Mér bauðst tækifæri á að vinna náð með Dive.is – Sportkölfunarskóla Íslands og ákvað ég því að gera greiningu á markaðinum sem það starfar á. Fyrir þá sem ekki hafa heyrt um Dive.is, snýst þjónusta þeirra um að fara með fólk í köfunar- og snorklfærðir á bestu köfunarstaði landsins en býður þar að auki upp á fjölda köfunarnámskeiða.


Köfun er sport sem ég hafði ekki velt mikið fyrir mér áður en ég byrjaði að skrifa og vissi ég ekki mikið um það. Því var sendur ítarlegur spurningalisti á stóran hóp erlendra viðskiptavina Dive.is sem nýlega höfðu kafað með fyrirtækinu, til þess að komast meðal annars að því hvað því finnst um köfun almennt og á Íslandi og í leiðinni athuga hvernig það upplifði ákveðna þætti í þjónustu fyrirtækisins. En þessi könnun mín var þó bara munnbiti af þessari partýpizzu sem verkefnið varð.

Verkefnið byggðist í grófum dráttum upp þannig að fræðilegi hlutinn kom fyrst þar sem útskýrðar voru aðferðir í markaðsfræðinni sem notaðar voru síðar í verkefninu. Sportköfun var útskýrð og hvernig ferðapjónustan er í kringum hana í heiminum. Saga Dive.is var sögð ásamt þróun sportköfunar á Íslandi og var svo staðan tekin á ferðapjónustunni hér á landi í dag. Að lokum var fyrrgreind markaðsrannsókn túlkuð ásamt niðurstöðum og til að enda showið var tívolíbomban sprengd með greiningunni á sportköfunarmarkaðinum á Íslandi.

Heillaráð: Haldið vel um heimildirnar og hugsið ykkur tvisvar um (áður en þið byrjið á verkefninu) ef viðfangsefnið er þess eðlis að það gæti tekið of langan tíma. Gangi ykkur annars bara vel og kikið endilega inn á [www.dive.is](http://www.dive.is) ef þið hafið áhuga á að prófa köfun.

# SAMRUNAR FYRIRTÆKJA

Ég ákvað að skrifa BS- ritgerðina mína á sumarönn eftir að mínu öðru ári í viðskiptafræðinni var lokið. Ritgerðina skrifaði ég eftir vinnu og um helgar. Tölvun og netpungurinn fylgdu með á Þjóðhátíð og þar var skrifað. Hvað jafnast ekki á við það að skrifa um samruna fyrirtæka í tjaldi á Þjóðhátíð hlustandi á „Lífið er yndislegt“.. maður spyr sig.



Ingvar Sigurðsson

Það vandamál sem ég átti hvað erfiðast við að glíma við var stóra spurningin „um hvað á ég að skrifa?“ Eftir margra mánaða þælingar var það þó ekki flóknara en það að ég lét stórvin minn Björn Þór Gunnarsson, viðskiptafræðing, ákveða það fyrir mig og þá var ekki um annað að ræða en að hefjast handa.

Í ritgerð minni um samruna fyrirtækja reyndi ég hvað helst að útskýra hvað samruni er í raun og veru. Eins að öðlast skilning á samruna fyrirtækja. Mér þótti athyglisvert að öðlast skilning á því hvað það þýddi í raun og veru fyrir fyrirtæki að ráðast í samruna. Samrunar eru af mismunandi gerð og ræðst gerðin algjörlega af því hvernig að viðkomandi samruna er staðið. Tilgangur samruna er ýmist að gera rekstrarskilyrði betri, hvort sem það er í formi ávinnings af rekstri eða í formi samkeppnisaðstæðna. Þó ganga ekki allir samrunar eftir sem skyldi. En þar sem þessi lesn-

ing er orðin leiðinleg þá ætla ég ekki að hafa þetta lengra.

Heillaráð: Skrifðu ritgerð ykkar á sumarönn. Ég mæli eindregið með því. Ég áttaði mig í raun ekki á því hversu sniðugt það var fyrir en ég fylgdist með Dive.is kónginum, Höskuldi Elefseni, sem skrifaði ritgerð sína yfir öll jólin. Þá kys ég nú frekar Þjóðhátíð.

# ÍSLENSKIR VERÐBRÉFA- OG FJÁRFESTINGARSJÓÐIR

## Breyting á fjárfestingarstefnu eftir bankahrun

Ég get ekki sagt að mér hafi reynst auðvelt að velja efni en ég vissi hins vegar að viðfangsefni tengt eignastýringu eða bankahruninu kæmi einna helst til greina. Það var svo ekki fyrr en ég hitti leiðbeinandann minn, Kristján Jóhannsson, að efnið varð ljóst. Lokaritgerðin mín fjallaði um íslenska verðbréfa- og fjárfestingasjóði, eða nánar tiltekið hvernig fjárfestingastefnur þeirra breyttust eftir hrun bankanna.

Fjárfestingarstefnur segja til um almenn markmið sjóðanna og í hverju eigi að fjárfesta og að hve miklu leyti frávik geta verið frá stefnunni. Með verðbréfasjóði er átt við safn af verðbréfum og öðrum fjármálagerningum sem auðvelt er að kaupa og selja. Munurinn á verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði felst

fyrst og fremst í fjárfestingarheimildum þeirra og hafa fjárfestingarsjóðir mun rýmri heimild til fjárfestinga. Til að komast að því hvernig stefnurnar breyttust voru síðustu útgefna reglur og útboðslýsingar sjóðanna fyrir hrun skoðaðar og bornar saman við núverandi reglur og útboðslýsingar. Þeir sjóðir sem teknir eru fyrir eru reknir af tveimur rekstrarfélögum; Íslandssjóðum hf. (var Glitnir sjóðir) og Stefni hf. (var Rekstrarfélag Kaupþings Banka) og verður aðeins fjallað um þá sjóði sem fjárfestu hér innanlands. Helstu niðurstöður voru þær að ekki miklar breytingar hafa verið gerðar á fjárfestingarstefnum sjóða. Þeir sjóðir sem eru hlutabréfasjóðir breyttu hvað mest stefnum sínum. Hafa þeir nú heimild til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum sem þeir máttu ekki áður

eða þá með miklum takmörkunum. Skuldabréfasjóðir eru að mestu leyti með sömu fjárfestingarstefnur en nokkrum þeirra var hins vegar lokað eftir hrúnið eða eru í slitameðferð og eru þeirra stefnur breyttar á meðan á því stendur. Allir þeir peningamarkaðssjóðir sem voru starfandi þegar hrúnið varð hafa verið lokaðir og var það gert að tilmælum Fjármálaeftirlitsins.



Eva Björk Óladóttir

# REIKNINGSSKIL OG FJÁRHAGSÁÆTLANIR sveitarfélaganna

Vorið 2009 útskrifaðist ég sem viðskiptafræðingur frá HÍ. Ég fór þá leið að taka reikningshald sem sérsvið og tók svo fjármálafögin sem val með því. Þegar kom að því að velja lokaverkefni langaði mig að skoða sveitarfélög í landinu. Ég er sjálf utan af landi og mig langaði að sjá muninn á rekstri tveggja stærri sveitarfélaga og svo tveggja minni. Þessi stóru eru á höfuðborgarsvæðinu og svo hin minni úti á landi.

Ritgerðin fjallar um reikningsskil sveitarfélaganna og þá aðallega samband fjárhagsáætlunar og ársreiknings. Ég fór yfir það lagalega umhverfi sem sveitarfélög búa við ásamt því að skoða uppsetningu og innihald ársreikninga. Þjögur sveitarfélög voru skoðuð með

það í huga að finna hversu nákvæmar upphaflegu fjárhagsáætlarnar voru og hvort og þá hversu mikið sveitarfélög þurftu að breyta áætluninni og hvort gert var nóg til að samræma fjárhagsáætlunina raunverulegum útgjöldum. Aðeins var skoðað eitt ár, árið 2007, og tölur úr upprunalegu fjárhagsáætlununum bornar saman við tölur úr ársreikningi sveitarfélaganna. Niðurstöðurnar eru þær að öll þau sveitarfélög sem voru skoðuð, voru með talsvert miklar breytingar á áætluninni yfir árið og þrátt fyrir að gera breytingar urðu tölurnar í ársreikningi sveitarfélagsins töluvert frá því sem stefnt var að. Fyrir þetta ár voru bæði tekjur og gjöld almennt vanáætluð. Rekstrarniðurstaða var mun betri, en

gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, hjá þremur af fjórum sveitarfélögum. En árið 2007 kom almennt mjög vel út fyrir fyrirtæki og sveitarfélög í landinu sökum miklis vaxtar í hagkerfinu og kom það skýrt fram í þeim gögnum sem voru skoðuð.



Freydís Bjarnadóttir



# VIÐTAL

## Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra

### Hver er Gylfi?

Ég er fjölskyldumaður með 5 börn og bý á Seltjarnarnesi. Er uppallinn í vesturbænum og gekk menntavegin þar, fyrst í Vesturbæjarskóla og svo Hagskóla. Þaðan lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík og síðan í viðskiptafræði í Háskóla Íslands áður en ég fór í doktorsnám í hagfræði í Bandaríkjunum. Ég kom heim þaðan 1996 og hef starfað í háskólanum allar götur síðan þar til ég kom hingað í ráðuneytið.

Ég er háskólakennari í leyfi. Ég er að sumu leyti að fást við aðra hluti en áður, en þó að mörgu leyti svipaða og í HÍ þar sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið fæst við, eins og nafnið gefur til kynna, efnahagsmál og viðskipti. Þannig eru viðfangsefnin í grunninn þau sömu og ég var að fást við upp í háskóla en óneitanlega er nálgunin mjög ólík hérna. Það er mikill munur að vera hér eða að vera að kenna eða rannsaka þar sem ég hafði áður tilit áhrif á framgang mála – er nú kominn í ríkisstjórn og þarf jafnframt að koma mínum málum fram á Alþingi. Þetta er svona af öðrum meiddi, mikil tækifæri og ábyrgð. Sá hluti er að mörgu leyti skemmtilegur en svo er þetta nú oft einnig mikið argþras. Þetta pólitíska streð er kannski ekki eitthvað sem ég hafði stefnt að eða búið mig undir.

### Var aldrei efi í þínum huga að taka við ráðherrastarfinu?

Ég fékk eiginlega ekki tíma til að hugsa mig um eða til að efast. Ég leit svo á að við þær aðstæður sem voru uppi væri mér ekki stætt á því að skorast undan. Ég er kannski ekki beint maðurinn til að meta hversu hæfur ég er í starfi en ég leit svo á að ég hefði að minnsta kosti einhverja þekkingu á viðfangsefninu sem myndi nýtast mér. Þetta fellur líka vel að því sem ég hef verið að kenna og rannsaka upp í skóla þótt ég kunni ekkert inn á þetta pólitíska kerfi og ýmistlegt sem því tengist.

### Hvernig líkar þér starfið?

Það eru auðvitað misgóðir dagar en svona í það heila líkar mér vel við starfið og sé ekkert eftir því að hafa tekið það að mér. Það er samt ekki þannig að ég hafi tekið slíku ástfóstri við það að ég ætli mér að vera í þessu ævilangt. Þannig að ég stefni á að fara aftur að kenna. Þetta er hinsvegar mjög áhugavert og lærdómsríkt. Ég hef kynnst mjög duglegu og góðu fólki sem er að fást við sömu mál og ég, ýmist hér í ráðuneytinu, Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu eða öðrum stofnunum sem ég hef mikil samskipti við. Störfín á þinginu

eru misgefandi, stundum eru þau mjög áhugaverð og skemmtileg en stundum finnst manni tímanum ekki mjög vel varið þar.

### Hvaða málefni eru þér fremst í huga?

Ég vinn fyrst og fremst við að endur-reisa viðskiptalífíð í heild en fókusinn innan viðskiptalífsins hefur mestur verið á fjármálakerfið. Allt síðasta ár fór mikið til í málefni sem tengjast fjármálakerfinu, t.d. uppgjör milli gömlu og nýju bankanna og fyrirkomulagið í kringum það. Svo höfum við verið að huga að lagarammanum, regluverkinu og eftirlitinu í kringum fjármálakerfið. Sú vinna er ennþá í gangi og verður frameftir árinu. En þar fyrir utan þá höfum við verið að sinna málaflökum sem ég þekkti mjög vel fyrir og hef unnið við áður og snúa að samkeppnismálum. Þann fyrsta október bættist við nýr flötur á starfið þegar efnahags- og viðskiptaráðuneytin voru sameinuð í eitt. Þá erum við ekki bara að hugsa um viðskiptamálin heldur einnig efnahagsmálin og þar með allt kerfið í víðara samhengi. Óneitanlega hafa verkefnið aukist verulega en ég kvarta ekkert yfir því.

### Hvernig finnst þér hafa tekist til?

Mér finnst margt hafa tekist vel en svo er annað sem betur hefði mátt fara. Það sem hefur tekist verr er aðallega það að hlutirnir hafa tafist lengur en maður hefði viljað sjá. Það tók t.d. langt fram eftir árinu 2009 að koma nýja fjármálakerfinu almennilega á koppinn, skilja endanlega á milli nýju og gömlu bankanna, teikna upp efnahagsreikninga og finna út hvernig eignarhaldið á nýju bönkunum ætti að vera. Þetta tókst á endanum en tók lengri tíma en menn höfðu stefnt að í upphafi. Kannski voru menn bara of bjartsýnir. Það hefði líka verið gott ef við hefðum getað leyst Icesave þar sem það hefur verið mjög skaðlegt, að það hafi tafist eins mikið

Við ættum nú flest öll að kannast við Gylfa Magnússon, hann hefur kennt lengi vel í Háskóla Íslands en tók sér leyfi frá kennslunni til að takast á við veigamikil verkefni sem viðskiptaráðherra Íslands. Við hittum Gylfa og ræddum við hann um starfið hans og ástandið í þjóðfélaginu.

og raun ber vitni. Annað hefur gengið nokkurn veginn eins og ætlast var til þó maður hefði auðvitað viljað sjá meiri árangur fyrr.

### Nú ert þú óflokksbundinn, hver er staða þín gagnvart pólitíkinni?

Hún er auðvitað svolítið flókin og skrýtin, við Ragna Árnadóttir dóms- og mannréttindamálaráðherra erum í einstakri stöðu sem hefur ekki verið uppi áður. Að sumu leyti höfum við betri stöðu en aðrir ráðherrar, við getum einbeitt okkur að okkar málaflökum út af því að við erum ekki þingmenn. Hjá öðrum ráðherrum fer mikill tími í að sinna þingmálum sem heyra ekki undir þeirra ráðuneyti, taka þátt í kosningum og slíku. Allavega hvað það varðar þá finnst mér þetta ágætt. Það er að sumu leyti kostur að vera óflokksbundinn, þ.e. að þurfa ekki að hugsa um flokk og bakland. Þá er frekar hægt að segja hug sinn og þurfa ekki að hugsa mikið um hvaða áhrif það hefur á skoðanakannanir. En á móti kemur, af því að við erum ekki hluti af þessu pólitíska kerfi þá vantar okkur bakland til að vinna með okkur. Það er annað þegar ráðherra er með flokk með sér sem styður við sín mál. Við þurfum svolítið að hafa meira fyrir því að afla stuðnings við okkar mál í þessu kerfi. Það hefur gengið þokkalega til þessa og það eru allir að læra á hvernig það virkar að hafa óflokksbundna ráðherra. Ég veit ekki hvort það verður mikið framhald á því en mér finnst þessi tilraun hafa verið vel þess virði.

### Muntu bjóða þig fram til áframhaldandi setu í ráðherrastól í næstu kosningum?

Ég hef satt best að segja ekki hugsað svo langt og veit ekki frekar en aðrir hvenær næstu kosningar verða. Ef þær verða eftir tæp 4 ár þá getur mjög margt hafa breyst frá því sem er. Ég stefni ekkert frekar að því að verða ráðherra eftir kosningar þannig að ég er ekki mark-



visst að reyna að tryggja mér ráðherra-sæti áfram. Ég er bara í leyfi til fjögurra ára frá háskólanum þannig að ég hef alltaf litið svo á að þetta væri tímabundið leyfi frá háskólanum og síðan snéri ég þangað aftur og yrði fyllilega sáttur við það ef mér finndist ég hafa skilað þokkalegu búi.

### Hverjar eru framtíðarhorfurnar í viðskiptalífínu að þínu mati?

Ég leyfi mér alltaf að vera bjartsýnn þegar svona spurningar eru bornar upp og sé stöðuna einhvernvegin þannig að það eru mjög mörg vandamál sem við þurfum að leysa fram úr. Mörg þeirra snúa að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Það er verið að vinna í því að taka til í efnahagsreikningum þeirra. Fyrst og fremst eru þau mál á forræði bankanna undir eftirliti hins opinbera frá ýmsum sjónarhornum. Það er alveg viðráðanlegt verkefni þannig að okkur mun takast það þó að það dragist eitthvað fram á næsta ár. Þegar því er lokið ættum við að átta okkur á því að allt sem við höfðum til að reka gott efnahagslíf, allir þessir framleiðsluþættir, vinnuaflið, innviðirnir og allt það, er ennþá til staðar. Við eigum að geta rekið efnahagslíf sem er ekki síður blómlegt en það sem var áður en ósköpin byrjuðu. Það var ágætt líf hérna fyrir 2007 og ég tel að við getum náð þeirri stöðu

aftur með tíð og tíma og náð hagvexti. Einhverntíman verðum við orðin betur stað en við vorum árið 2007, hvort sem það verður árið 2015 eða 2020, ég þori svo sem ekki að spá því.

Það var vissulega mikill samdráttur í fyrra. Það var um margt erfitt ár. Árið í ár verður svolítill barningur líka en samdráttur ætti að vera mun minni. Strax á næsta ári ættum við að sjá einhvern hagvöxt og minna atvinnuleysi og eftir það ættu allir vegir að vera okkur færir. Ég sé ekki fram á að þetta verði langvarandi kreppa eða hvað þá að íslendingar séu að stefna í einhverja fátækt, það er ekkert slíkt í kortunum.

### Finnst þér nóg hafa verið gert fyrir fólkið í landinu og eigum við eftir að sjá einhverjar róttækar breytingar tengdar viðskipta- umhverfinu?

Manni finnst aldrei nóg að gert og vildi alltaf gera meira en mín tilfinning er að það hafi nokkurn veginn verið gengið eins langt og hægt var. Síðan skapast meira svigrúm þegar efnahagsástandið batnar aðeins, þegar við erum komin í gegnum svona dýpsta skaflinn og hagvöxtur byrjar á ný, þá munu allir finna það. Kannski skilar það sér fyrst í minna atvinnuleysi og það er auðvitað kannski sá hópur þjóðarinnar sem hefur orðið





## Gylfi Magnússon - framhald

einna verst úti í krepplunni. Þannig að um leið og okkur tekst að örva atvinnulífið þannig að atvinnuleysi minnkar þá fara menn að finna fyrir því, þá helst sá hópur sem hefur orðið verst úti og síðan aðrir. Ég held líka að um leið og krónan fer að ná eðlilegra gengi þá fara menn að finna það mjög hratt, í kaupmætti og hjá þeim sem eru með skuldir í erlendri mynt. Áþreifanlegar breytingar geta orðið tiltölulega fljótt þó að við verðum ekki búin að koma okkur í gegnum öll vandræðin fyrr en kannski eftir tvö til þrjú ár.

### Finnst þér skattahækkunar hafa verið réttu leiðin til að byggja aftur upp fjármálakerfið þegar þær aðgerðir virðast bitna mest á láglaunafólki og fólki sem misst hefur vinnuna?

Skattahækkunar og samdráttur í ríkisútgjöldum er fyrst og fremst hugsaður til að ná jöfnuði á ríkissjóði en ekki til að byggja upp fjármálakerfið út af fyrir sig. Skattahækkunirnar verður auðvitað að skoða í samhengi. Í fyrsta lagi voru tekjuskattbreytingarnar teiknaðar upp þannig að þær áttu að bitna lítið á þeim sem væru með lágar tekjur. Skilaði þeim allra tekjulægstu skattalækkun og síðan hækka skattarnir talsvert mikið hjá þeim sem eru með tiltölulega háar tekjur. Ég held að þetta hafi verið eðlileg viðbrögð og það var að mínu mati alveg óhjákvæmilegt að afla talsverða tekna í ríkissjóð strax og það er í sjálfu sér ekki hægt með öðrum hætti en skattahækkun.

Það þurfti auðvitað líka að draga úr ríkisútgjöldum og það var ekki hjá því komist að gera einhverja blöndu af þessu tvennu vegna þess að hallinn á ríkissjóði á árinu 2009 var um 13-14% og það er miklu meira en hægt er að búa við til langframa. Ef við hefðum reynt að keyra ríkið áfram með slíkum fjárlagahalla í mörg ár þá hefðu, í fyrsta lagi lánafjármarkaðir aldrei lánað okkur og ef þeir hefðu verið til í það þá hefðum við safnað skuldum sem hefðu á endanum verið algjörlega óviðráðanlegar.

### Hvað með þá aðferð að lækka skatta, fólk hefði þá meira á milli handana sem skilar sér í meiri neyslu og auknum tekjum til ríkissjóðs?

Ég þekki þessi sjónarmið mjög vel. Það er alveg bölvæð að þurfa að hækka skatta í niðursveiflu vegna þess að þeir hægja á hagkerfinu sem verður til þess að skatttekjur verða minni en ella. En svigrúmið til þess að örva hagkerfið með því að vera með fjárlagahalla var að mínu mati nýtt eins og hægt var. Ef við hefðum t.d. ákveðið að loka fjárlagagatinu strax árið 2009 þá hefðum við þurft að vera með miklu harkalegri aðgerðir þannig að það má eiginlega segja að við séum að örva hagkerfið með því að taka fjögur ár í að loka fjárlagagatinu en gera það þó ekki hraðar en það. Þetta er í raun mýkri lending sem menn eru að reyna að ná með því að láta ríkissjóð taka á sig skuldaaukningu og það verulega. Það er verið að tala um að uppsafnaður fjárlagahalli 2008 til 2013 verði u.þ.b. 500 milljarðar. Með einum eða öðrum hætti má segja að þetta sé það fé sem ríkið er að dæla inn í hagkerfið með því að loka fjárlagagatinu síðar.

### Hver er staða heimilana í dag að þínu mati?

Það er ýmislegt sem blasir við. Í fyrsta lagi hefur kaupmáttur heimilanna dregist verulega saman. Það er auðvitað aðalvandamálið. Skuldarnar hafa nánast staðið í stað að raunvirði hjá þeim sem eru með verðtryggt lán og hækkað að sama skapi hjá þeim sem eru með gengistryggt eða erlend lán og það veldur miklum vandræðum þannig að það er ekki hægt að komast að annari niðurstöðu en að staðan sé þröng. Við vinnum okkur ekki út úr þessari stöðu nema með því að ná aftur upp kaupmætti og við náum honum ekki upp nema með aukinni þjóðarframleiðslu. Það eru hins vegar öll teikn á lofti að það muni takast. Það er afstætt hvað er slæm og hvað er góð staða, við erum svolítið að bera okkur saman við ástandið eins og það var fyrir hrún, Ísland 2007, eða bera okkur saman við ríkustu nágrannalöndin sem hafa ekki lent

í neinum teljanlegum erfiðleikum eins og Noregur og Kanada. En í sögulegum samanburði og reyndar í alþjóðlegum samanburði þá er kaupmáttur á Íslandi mjög hár. Hann var kannski hærri árið 2005 til 2007 en hann er svipaður núna eins og hann var í kringum árið 2002 og þá meiri en hann var nokkurn tímann fram til ársins 2002. Við megum ekki gleyma því að Ísland er þrátt fyrir allt mjög ríkt land, með mjög háar tekjur á mann bæði í sögulegum og alþjóðlegum samanburði þó þær séu ekki alveg jafn háar og þegar þær voru hvað hæstar. En við munum ná þeirri stöðu innan nokkurra ára. Svo verðum við að reyna að vinna úr skuldavanda heimilanna á skynsamlegan hátt, ég held að við höfum náð talsverðum árangri með þeim úrræðum sem við kynntum síðasta haust, til dæmis með greiðsluþjófnum fasteignalána sem lækkar verulega greiðslubirgðina. Síðan þarf að athuga hvort það dugi eða hvort meira þurfi til.



### Hefur þú upplifað slæmt ástand af fyrstu hendi í þjóðfélaginu í dag?

Auðvitað þekkir maður fólk sem hefur lent í basli, misst vinnuna eða lent í vandræðum með lán og annað. Þannig að það hefur ekkert farið fram hjá mér eða neinum. Það fer heldur ekki fram hjá manni að þjóðfélagsmæðan hefur verið mjög erfið. Það er kannski orðinn hluti af vandanum hvað menn eru svartsýnir og auðvitað er það slæmt því manni getur í raun liðið illa yfir umræðunni einni og sér alveg burt séð frá ástandi efnahagsmála. Jafnvel þó við horfum bara þröngt á efnahagsmálin þá hefur svartsýnin slæm efnahagsáhrif. Um leið og menn öðlast einhverja trú á að hér sé hægt að gera góða hluti, þá fara hlutirnir að ganga betur. Að ihuga nýjar fjárfestingar og uppbyggingu er gott dæmi. Við höfum ýmsa möguleika til að spila vel úr stöðunni, hér og þar eru sóknarfæri og menn verða að nýta þau, það er afskaplega mikilvægt.

### Nú er mikil umræða um að ríkisstjórnin hafi ekki gert nóg til að hjálpa litla manningu á meðan útrásarvíkingarnir fá sínar skuldir afskrifaðar og geti jafnvel eignast aftur hlut í fyrirtækjum sem þeir settu í þrot.

Þetta er mjög óvægin og erfið umræða. Í fyrsta lagi þá held ég að menn verði að átta sig á því að fjármálafyrirtæki eru með sínar kröfur og þau verða bara að spila úr þeim spilum sem þau fengu á hendi. Þau eru stundum með mjög léleg veð og erfiðar kröfur og sú staða getur einfaldlega verið uppi, hvort sem manni líkar betur eða verr, að menn geri meiri verðmæti úr því sem að fjármálafyrirtækin fengu í vöggugjöf frá hinum föllnu fjármálafyrirtækjum með því að vinna með fólkinu sem að fór illa að ráði sínu á undanförunum árum. Það er svo annað mál að það er örugglega í mörgum tilvikum mjög slæm niðurstaða fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Það verður mjög erfitt fyrir fyrirtæki að eiga í eðlilegum viðskiptum á innanlandsmarkaði sérstaklega ef að allur almenningur eða meginþorri almennings lítur svo á að eignarhaldið eða forystan sé mjög óeðlileg. Það eitt og sér mun gera það mjög erfitt að koma fyrirtækjum aftur í rekstur undir forystu fyrri eigenda. Síðan má ekki heldur gleyma því að þessir menn, margir hverjir, eiga eftir að verjast allskonar kröfum um skaðabætur vegna fyrri gerninga, að rift sé arðgreiðslum eða sölu eigna. Allt þetta á eftir að fara í gegnum dómskerfið og ég hef fulla trú á því að þegar dómskerfið er búið að fara yfir öll þessi mál þá verði kannski ekki mikið eftir af þessum heimsveldum sem menn byggðu upp á sandi og eru núna hrúnin. Einnig eiga sumir eftir að standa skil gerða sinna gagnvart refsiramma, ég veit svo sem ekkert hvað á eftir að koma út úr því en það getur líka breytt þessari mynd eitthvað.

### Ert þú persónulega hlynntur ESB aðild og hvaða hag teluru að þjóðin hafi af slíkri inngöngu?

Ég styð heilshugar umsóknina en það er mjög erfitt að taka afstöðu til þess hvort við eigum að ganga inn eða ekki fyrr en maður veit hvað verður í boði. Ég held að hagsmunirnir séu margvíslegir en það eru líka ókostir við inngöngu í ESB. Út frá þröngum efnahagslegum sjónarhól þá erum við með 80-90% af efnahagslegum kostum og göllum þess að vera í evrópusambandinu gegnum evrópska efnahagsvæðið. Við erum með fjórfrelsið þannig að venjuleg viðskipti eru frjáls við Evrópusambandið. Það sem okkur vantar er landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnan og svo aðgangur að peningakerfinu. Evrópusambandið hefur ekki haldið eins vel á sínum sjávarútvegs málum eins og Íslendingar, það eru alvöru rök gegn aðild. Þó að það hafi bæði kosti og galla að vera með evru þá eru menn að sjá lönd eins og Írland og Grikkland sem hefðu gjarnan viljað fella gengið en geta það ekki. Fyrir okkur íslendinga, sem eru með mynt sem hefur verið til vandræða frá upphafi, þá er mikill kostur að taka upp evru. Síðan má nefna allsskyns pólitísk og félagsleg rök fyrir aðild, íslendingar eru miklir evrópumenn og hafa átt í ýmsu evrópsku samstarfi og það hefur yfirleitt verið mjög gæfuríkt. Þannig að við eigum fulla félagslega og pólitíska samleið með Evrópu og öðrum evrópuþjóðum.

### Telurðu krónuna þá dauða, erum við tilneydd til að taka upp annan gjaldmiðil?

Ég ætla ekki að lýsa því yfir að hún sé dauð. Auðvitað er hægt að halda í henni lífi og verður það í raun nauðsynlegt í all mörg ár enn því evran er ekkert hinu megin við hornið. En ég held að það verði talsvert erfitt að byggja hér upp skilvirkt atvinnulíf með þennan veika og hrakta gjaldmiðil. Við bjuggum hér til almennilegt atvinnulíf áratugum saman þó svo við værum í verulegum vandræðum með gjaldmiðil, verðbólgu og mjög óstöðugt gengi. Það er allt hægt en það er erfiðara að mínu mati að vinna okkur út úr þessari stöðu ef við höfum

ekkert annað í kortunum framundan en að vera með krónuna um aldur og ævi.

### Þegar og ef Icesave deilan leysist hvað tekur þá við?

Þá fara hjólin að snúast. Ekkert er því til fyrirstöðu að halda AGS áætluninni áfram og við fáum þá fé samkvæmt henni og það ætti bæði að liðka fyrir ýmsu líkt og fjárfestingum og næstu skrefum í að fara að aflétta gjaldeyrishöftunum. Trú manna á Íslenskt efnahagslíf ætti að aukast bæði innanlands og utan þannig að líklega fer láns hæfi þjóðarinnar eitthvað að skriða upp á við. Þannig að þá verða okkur allir vegir færir en það verður ekki þannig að öll vandamál verði leyst en hins vegar verður þetta í okkar hendi að leysa það sem þarf að leysa.

### Hvernig finnst þér umfjöllun fjölmiðla hafa verið um ástandið í þjóðfélaginu.

Það má kannski segja að fjölmiðlar hafi farið öfganna á milli, þ.e.a.s. á göðæris-tímanum þá voru þeir mjög ógagnrýnir almennt á það sem var að gerast og það var kannski hluti af vandanum þá. Núna eru þeir, svona þegar á heildina er litið, kannski mjög neikvæðir, þó það sé reyndar misjafnt milli fjölmiðla, og það endurspeglar andann í þjóðfélaginu. Ég á von á því að þetta nái einhverju jafnvægi aftur og við fáum svona eðlilega umræðu. Auðvitað á hún að vera hvöss og gagnrýnin og draga fram ef pottur er brotinn einhvers staðar en það má ekki ganga svo langt að draga úr manni allan kraft og vera bara endalaust svartagallsraus það er engum greiði gerður með því. Svo er líka mikið af þjóðfélagsmæðunni ekki bara í fjölmiðlum heldur á vefsíðum og slíku og þær eru oft mun verri en hjá opinberum fjölmiðlum. Tónninn er oft mjög neikvæður og ég hef svona á tilfinningunni að menn séu orðnir mjög þreyttir á þessu öllu og vilji bara fá umfjöllun um eitthvað annað en krepplu, efnahagsmál og Icesave. Ekki það að menn megi samt stinga hausnum í sandinn, við eigum við vanda að etja en að vera sífellt að velta okkur upp úr vandanum og erfiðleikumum í staðinn fyrir að draga fram það sem þó er vel gert og þá möguleika sem eru í stöðunni.



# KÆRA FÓLK!

Á haustdögum þessa skólaárs var aðeins eitt sem komst fyrir í huga Tradition manna. Karla & Kvennakvöldið. Kvöldið í fyrra var það rosalega stórt sem menn muna eftir og ekki annað í myndinni en að vera með jafn gott kvöld nú í ár.

Þeir Árni Jón Baldursson og Ingimar Guðmundsson útskrifuðust 2009 svo eftir stóðu Einar Haraldsson, Gísli Freyr Ólafsson, Gestur Steinþórsson og Karl Haraldsson. Við ákváðum að taka inn tvo nýja meðlimi og voru Hjörtur A. Guðmundsson og Matthías Stephensen fyrir valinu. Skemmst er að segja frá því að þeir þáðu boðið og eru boðnir velkomnir fyrir lífstíð.

## Tveir súkkulaði- húðaðir fitness strákar ...

En þá að alvörurni. Nú þurfti að skipuleggja 200 manna veislu sem ekki mátti vera síðri en í fyrra og alls ekki kosta meira. Það var vægast sagt kippit í alla spotta sem til voru og meira að segja þá sem ekki voru til. Hægt og bitandi kom árangurinn í ljós, Veislusalurinn Turninn í Hafnarfirði þótti nógu finn fyrir samkvæmisgesti Tradition og til að fá fram alvöru karlmannsstemningu var farið með strákana á Matstofu Sóleyjar í Kópavogi.

Það var mikil spennan í loftinu að sjá hvort að hótanir Öskru um að



eyðileggja atburðinn yrði að veruleika. Við vorum tilbúnir í karatestellingum en opinberlega ætluðum við að leysa þennan ágreining með því að gefa þeim öllum miða á kvöldið. Win-win situation.

Kvöldið rann upp bjart og fagurt og allt heppnaðist eins og hugsað var. Strákarnir fóru í hina árlegu sjómanskeppni og var það heljarmennið Ingvi Brynjar Sveinsson sem jarðaði keppnina í ár. Sóley bauð uppá hamborgara í bernaiese og testesterone magnið var að sprengja utan af sér veggina.

Á sama tíma voru stelpurnar í heilmikilli fræðslu hjá Önnu Svövu og fór það mismikið fyrir brjóstið hjá þeim. Romantik.is kom og kynnti það nýjasta í hjálpar og ástartækjum en svo kom stundin sem allar stelpurnar höfðu beðið eftir (og Gestur af því að hann var

stelpumegin). Tveir súkkulaðihúðaðir fitness strákar gengu inn í salinn vopnaðir tónlist og slæmum mannasíðum. Þeir sviptu sig klæðum og stóðu eins og tvær skínandi byggingar af mannslíkömum. Þakið á Turninum lyftist upp um 5 cm og það er ennþá verið að meta skemmdirnar.

Strákarnir komu síðan til baka laust fyrir miðnætti og gáfu rósir. Svo var dansað! Dj-inn stóð fyrir sínu og það var geggjúð stemning fram eftir kvöldi og alla leið niður í bæ.

Við Tradition menn erum mjög sáttir við kvöldið okkar og erum vissir um að þið voruð það líka. Við hlökkum til að sjá ykkur að ári!

Tradition



## OROYA Sushi vínið



Nafnið Oroya þýðir karfa á spænsku og var kosið að nefna vínið því nafni til heiðurs hinum mismunandi menningarheimum.

Karfan/Oroya inniheldur sem sé mismunandi hefðir, þekkingu og arfleifð, því að í Oroya tvinnast saman spænsk og japönsk matargerðarlist.

Oroya er ástföstur Japönsku víngerðarkonunnar Yoko Sato sem hefur búið á Spáni í 6 ár. Þekking hennar á víngerð og Sushi hefur getið af sér vín sem ber vott beggja menningarheima.

Yoko Sato hefur tekist að finna blöndu þrúgna sem gefa af sér vín sem smell passar með sushi.

Sushi máltíð inniheldur svo fjölbreytilegt og margslungið bragð að erfitt er að finna vín sem nær að passa vel með.

Oroya er framleitt sérstaklega til að ná þessu vandfundna jafnvægi á milli hinna ólíku bragða.

Sýran í víninu smýgur ljúflega í gegnum fitu fisksins,

Oroya hefur ljúfan keim af epli og ferskju sem undirstrikar kryddið og hitann í soyjanu og engiferinu.

Oroya ilmar af ferskum blómum sem myndar skemmtilegt samspil við kraftmikla lyktina af þangblöðum (Nori).

Sætleiki Moscatel þrúgunnar samlagast fullkomlega við wasabi sem annars er yfirleitt útilokað að samsvara.

Oroya samræmist sushi máltíðinni einstaklega vel og undirstrikar allt þetta góða bragð sem finna má í sushi.

Oroya er aðallega unnið úr þrúgum sem ræktaðar eru í suðurhlíðum hinna sólríku vínakra í Castilla héraðinu á Spáni.

**Þrúgur:** Aðalþrúgan er Airen (þekktari í brandý gerð), ásamt blöndu af Moscatel og Macabeo.

### Lýsing:

Föl sítrónu gult og aðlaðandi að lit, í angan mikill ávöxtur af eplum og ferskjum á yfirborðinu en í bakgrunninn má greina blómlegan angan. Létt, ferskt, tært og skarpt í munni með mjög skemmtilegri blöndu af ávexti og blómum í eftirbragði.

### Matur:

Eins og áður er nefnt þá er þetta vín algerlega fullkomið með sushi en það má einnig drekka það með fersku sjávarfangi t.d. salat með skelfisk eða grilluð skelfiskspjót, kjúklingasalat og hrísgrjóna- og núðluréttum.

**Fæst í Vínbúðum;** Í Kringlunni, Skútuvogi, Heiðrúnu, Eiðistorgi, Smáralind, Hafnarfirði og Akureyri

**Verð:** 2.091,-

*Þekking okkar á annari menningu gefur af sér aukna virðingu gagnvart öðru fólki. Oroya er brú á milli tveggja menningarheima sem hjálpað okkur að njóta beggja"*

**Yoko Sato Víngerðarkona**







**HERRAFATAVERZTUN**  
**KORMÁKS & SKJALDAR**

**Fatnaður fyrir unglega menn sem drekka heimagera límonaði!**

*Kveðja, Kormákur & Skjöldur Kjörgarði*

Nýr Orkulykill gildir á Orku- og Shellstöðvum:

**Afsláttur alveg vinstri | hægri!**

- 2 kr. af lítranum á Orkustöðvum
- 4 kr. af lítranum á Shellstöðvum
- 10 kr. af lítranum á afmælisdegi lykilhafa
- 5 stk. Vildarpunktur Icelandair á hvern lítra\*
- 5 kr. af lítranum á Ofurdögum
- Tilboð á vörum á Shellstöðvum
- 10 kr. af lítranum í fyrstu 2 skiptin
- Afsl. 15-20% afsláttur hjá samstarfsaðilum

Orkustöðvar: **-2 kr.**

Shellstöðvar: **-4 kr.**

Nýi Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, safnar Vildarpunktum Icelandair og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar. Ekki PIN númer, bara lægra verð hvert sem þú ferð!

Sæktu um nýja Orkulykillinn í dag á **www.orkan.is**

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI

\*Þú velur milli þess að fá: 4 kr. afslátt af eldsneytilítranum hjá Shell og 2 kr. hjá Orkunni eða Vildarpunkta Icelandair á hvern lítra, 5 punkta hjá Shell og 3 punkta hjá Orkunni.

# NÝNEMAFERÐ

Þegar okkur var falið það vafasama verkefni af Kidda Sig að skrifa um ofurölvun sem átti sér stað hálfu ári áður stöðum við forviða á Kidda og spurðum hann hvort það væri ekki allt í lagi heima hjá honum. Kiddi svaraði rólegur, „jú það held ég, á bara eftir að ryksuga“.

Ákváðum við að taka verkefnið að okkur og byrjuðum að rifja þetta góða kvöld upp. Okkur var smalað saman í Odda á föstudagseftirmiðdegi þar sem okkur voru gefin nafnspjöld, teygjur og fyrsti bjór opnaður í boði Ölgerðarinnar. Þarna fengum við forsmekkin af háskólalífínu og því sem koma skyldi.




Þaðan var haldið út í rúturnar og út í óvissuna. Teygjuleikurinn var kynntur til sögunar og Hjörtur Atli kom færandi hendi með tópasflösku og reyndi í leiðinni að nappa teygjunum af saklausum nýnemum. Þegar á leiðarenda var komið fórum við inn í eitthvað vel valið samkomuhús og drykkjan hófst af alvöru.

Fólkinu var skipt upp í lið og farið var í pub-quiz og fleiri leiki. Eftir leikina var Einar Haralds búinn að hita upp grillið og byrjaður að grilla pylsurnar, sem fljótlega voru bornar fram fyrir glorsoltna nýnema.

Farið var í sjúga-blása og var greinilegt að reynslan var að skila sér því eldri sjúgarar voru að fara hamförum. Þeir voru þó ekki þeir einu sem voru að fara hamförum þegar þarna er komið við sögu því að þarna var tónlistin kominn á fóninn og Stefán Claessen var farinn að sýna gamalkunna takta úr Jazzballetskóla Bárú. Hjörtur var þó enn í fullri vinnu að safna teyjum og gaf lítið þá siðferðislegu skyldu sýna að vera vængmaður Sigga Svans sem gerði hosur sýnar fyrir hér um bil öllu kvenfólkinu á svæðinu.

Upp úr miðbæti var haldið niður í miðbæ Reykjavíkur þar sem fólk fór sínar eigin leiðir á vit ævintýrana.



Við þökkum stjórn Mágusar og öllum þeim sem komu að skipulagningu ferðarinnar fyrir frábært kvöld sem og okkar kærú samnemendum. Einnig ber að þakka Ölgerðinni fyrir þá ófáu lítra af víni sem runnu ofan í ferðalanga.

Hlynur Magnússon  
Sindri Jónsson

P.s mælum ekki með því fyrir neinn mann að taka þátt í fótboltamóti kl. 9.00 daginn eftir.





# MENIGA

## nýtt heimilisbókhald

Veistu hvað þú  
eyðir miðað við aðra?



**MENIGA** | Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga er byltingarkennt heimilisbókhald sem inniheldur fjölmargar nýjungar fyrir þá sem vilja öðlast heildaryfirsýn yfir rekstur heimilisins. Meniga setur til dæmis sjálfkrafa upp áætlun byggða á útgjöldum þínum síðasta árið og lætur þig vita með tölvupósti hver staðan er hverju sinni.

**Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka**

islandsbanki@islandsbanki.is  
www.islandsbanki.is  
Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

Ásgeir Örn Ásgeirsson er tæknistjóri hjá nýja sprotafyrirtækinu Mengia. Hann útskrifaðist sem rafmagns- og tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1997, og stundar nú meistaranám í fjárfestingarstjórnun við Háskólann í Reykjavík. Eftir útskrift úr Háskóla Íslands hefur hann unnið hjá nokkrum sprotafyrirtækjum og árið 2006 byrjaði hann að vinna hjá Landsbankanum. Eftir að hafa unnið þar í þrjú og hálf ári sagði hann upp störfum þar sem Georg vinur hans kom með hugmyndina af Meniga. Georg er framkvæmdarstjóri þess í dag.

### Hverskonar fjármálalausn er Meniga?

Meniga er fjármálalausn sem snýr að heimilisfjármálum, snýr að netbankalausnum. Þessi fjármálalausn er stór í Bandaríkjunum. Þú getur tengst við hvaða bankastofnun sem er á tengingar við þann banka, getur unnið úr og haft yfirsýn yfir fjármálin þín. Fjármálaveflausn sem snýr að heimilisfjármálum, snýr að netbankalausnum. Þessi fjármálaveflausn er stór í Bandaríkjunum. Þú getur tengst við hvaða bankastofnun sem er án tengingar við þann banka, getur þar unnið úr og haft yfirsýn yfir fjármálin þín. Lausnin gengur út á það að taka það besta úr bandarísku lausninni, laga það sem betur má fara, þróa svona lausn á Íslandi og fara síðan á valda Evrópumarkaði því það eru engar almennilegar lausnir til staðar þar núna. Erum núna búin að þróa lausn sem jafnast á við þær bestu í heiminum og erum búin að fá gríðarlega góðar viðtökur, og erum að verða 5000 notendur og gengur rosalega vel. Við erum komnir á fullt með að koma þessu á Evrópumarkað.

### Mengia er í einföldu máli?

Mengia snýst um að við tökum fræslur frá öllum debet og kredit kortum sem viðskiptavinir okkar eru með og flokkast þær sjálfkrafa í grunnflokka, en svo getur viðskiptavinurinn breytt þeirri flokkun eftir sínu skapi. Þetta er góð leið fyrir viðskiptavininn til að fylgjast mjög nákvæmið með mismunandi útgjalda og tekjuflokkum á auðveldan hátt.

Út frá þessu reiknast svo sjálfkrafa áætlun, sérsniðin að hverjum viðskiptavini fram í tíman sem byggir á meðaleyðslu í fortíðinni og spáir einnig fyrir hvernig neyslan verður í framtíðinni. Við-

skiptavinurinn getur breytt áætluninni, sett sér markmið og fundið leið til að ná endum saman. Síðan er hægt að bera sitt neyslumynstur saman við neyslu annarra í samfélaginu sem eru með svipaðan prófil, sama kyn, svipaðan fjölda barna, jafn marga bíla og þess háttar. Hálfgerð fjármála ráðgjöf sem byggir á þeim upplýsingum sem við vitum um viðskiptavini okkar.

### Hvenær spratt þessi hugmynd upp hjá ykkur, eru þið búnir að liggja lengi á henni?

Georg er búinn að ganga svolítið lengi með þessa hugmynd í maganum, en það var í nóvember- desember 2008 sem við byrjuðum að kasta þessu okkar á milli og velta þessari hugmynd fyrir okkur. Georg bjó í Bandaríkjunum og kynntist þessum lausnum sem við erum í rauninni að herma eftir þannig séð.

### Hvaðan kemur nafnið Meniga?

Nafnapælingin er búin að vera mikill hausverkur en við hétum fyrst Mammion sem er falsguð úr bíbliunni og er holdgervingur græðginnar. Nafnið stuðaði suma, aðallega eldri kynslóðina. Meniga þýðir ekki neitt en margir kannast við það úr laginu Eniga meniga. Við gátum fengið lénið hérna heima og erlendis ódýrt. Það virkar líka vel erlendis þar sem flestir geta borið það fram.

### Hverjir geta nýtt sér þjónustuna?

Það eru eingöngu viðskiptavinir Íslandsbanka og þeir sem eru með netbanka hjá þeim. Við erum samt að vinna í því

að tengja þetta við aðra banka þar sem fólk getur þá sótt sér Excel skjal og tengt það við sinn heimabanka og notað það þar. En eins og staðan er í dag þá verður fólk að vera með aðgang að netbanka Íslandsbanka til að geta nýtt sér þessa þjónustu. Það verður breyting á því en hvenær og hvernig kemur í ljós á næstu mánuðum.

### Hvernig hefur þetta reynst?

Þetta hefur reynst mjög vel og höfum við verið að fá mikið hrós frá notendum.

### Er ekki mikil eftirspurn eftir slíkri þjónustu í dag?

Jú gríðarleg eftirspurn og allir analistar í bankaheiminum er sammála um að þetta sé það næsta stóra í netbanka heiminum í dag.

### Hvað starfa margir hjá Meniga?

Við erum fjögur eins og er. Við erum að vinna að fjármögnun og þegar þeirri vinnu er lokið þá munum við stækka mjög hratt þar sem við munum þurfa mun fleiri starfsmenn þegar við förum á Evrópumarkað.

### Hvernig eru þessir starfsmenn menntaðir?

Tveir rafmagns- og tölvuverkfræðingar en það eru ég og Georg. Viggó Ásgeirsson sem var markaðsstjóri hjá Landsbankanum er sagnfræðingur og með MBA frá HR. Georg er með MBA frá Harvard. Í vor verð ég kominn með Master í fjármálum frá HR. Tinna



## Meniga - framhald

Karen Gunnarsdóttir sem einnig vinnur með okkur er með tölvunarfræðimenntun frá Bandaríkjunum.

### Er þá næsta skref Evrópu-markaðurinn?

Já, við erum búnir að vera að rannsaka hvar er minnsta samkeppnin, hvar heppilegast sé fyrir okkur að fara og hvar mesta þörfin er á slíkri lausn sem Meniga er. Byrjum líklega að herja á Svíþjóð og önnur Norðurlöndin ásamt Þýskumælandi löndum í Evrópu. Við erum með skrifstofu í Svíþjóð, Georg framkvæmdastjórinn okkar býr þar, og munum við fjölga á þessari skrifstofu.

### Hvenær stefnið þið á að byrja að herja á önnur lönd?

Það er eitthvað sem við munum gera á næstu mánuðum. Við erum komin í samband við bæði banka og ýmsa hugsanlega samstarfsaðila. Til dæmis vefsíður sem bjóða upp á verð sam- anburð og hugsanlegt samstarf við slíka aðila, samstarf við söluaðila sem myndu hjálpa okkur að selja tæknilausnir inn í

banka. En endakúnninn eru samt alltaf bankar og eru nokkrar leiðir til að koma þessu þangað. Ein leið er koma með raunhæfar sparnaðarleiðir og selja inn í fyrirtækið, önnur leið er eins og samstarfið okkar við Íslandsbanka þar sem við sjáum um reksturinn á þessu í samstarfi við þá og þriðja leiðin er að koma með heildarþakka þannig að bankar kaupa þetta af þeim og bjóða sem hluta af sinni þjónustu, svo myndu þeir kaupa nýrri útgáfur og uppfærslur.

### Hafi þið verið að taka við ábendingum frá fólki um hvað megi betur fara og hvað megi laga?

Já, við höfum verið mjög iðnir við að lesa pósta frá fólki og reyna að laga það sem betur má fara. Við höfum sett inn slóð sem heitir „Hafðu samband“ þar sem fólk er hvatt til þess að koma með tillögur og athugasemdir til okkar um hvernig megi bæta vefinn og þjónustuna. Hugsunin með vefinn hérna á Íslandi er að vera þróunar- og prófunar- markaður áður en hann fer á markað í Evrópu. Fyrsta staðan sem við erum að fara að ráða í núna er samfélagsstjóri

og starf hans snýst um það að taka við ábendingum frá fólki, vinna þær og koma þeim til okkar. Við munum svo gera bætur á vefnum út frá því.

### Hvað með öryggi?

Tölvun skoðar þetta, við leggjum mjög mikið upp úr persónuvernd í þessu og erum með öryggisvottorð og byggjum þetta á sömu öryggisstuðlum og bankar gera. Við völdum hýsingaraðila sem var með það öryggisvottorð sem við þurftum á að halda. Allir starfsmenn sem við ráðum skila inn hreinu sakavottorði og skrifa undir trúnaðaryfirlýsingar.

### Að lokum einhver ráð til fátækra námsmanna?

Það er um að gera að prófa þetta. Sjá hvort það auðveldi þeim ekki að fá yfirsýn yfir fjármálin og hvort þau endi ekki á að spara með þessari leið. Það er ekkert mál að afskrá sig úr þessu og um leið og það er gert eyðast allar upplýsingar um viðskiptavininn.





## MÁGUS - ORATOR

Það hefur verið áralöng hefð fyrir því að halda keppni milli viðskiptafræðinema og lögfræðinema í alls kyns þrautum. Orator félag lögfræðinema hafði unnið síðastliðin 9 ár og fannst okkur Mágusarmeðlimum tími kominn fyrir okkur að vinna í ár.

Keppnin byrjaði fimmtudagskvöldið 11. mars með skákkeppni og spurningakeppni. Niðurstöðurnar eftir kvöldið voru ekki okkur í hag, en Orator unnu báðar keppnirnar og voru því komin með tvö stig á móti engu. Við létum þetta ekki á okkur fá því þessar niðurstöður komu okkur ekkert sérstaklega á óvart miðað við síðustu ár.

Föstudagurinn 12. mars var tekinn snemma í KR heimilinu. Þar var keppt í fótbolta, handbolta, körfubolta og reipitogi bæði karla og kvenna lið, síðan kepptu stjórn MÁGUSAR á móti stjórn orators í fótbolta. Fyrst á dagskrá var handboltinn og unnum við karlaboltann en kvennaboltinn tapaðist naumlega. Við unnum að sjálf-sögðu báða fótboltaleikina og á þessum tímamarki var orðið jafnt í keppninni, 3-3. Körfuboltinn og reipitogið fór ekki eins og við hefðum viljað og töpuðum við þeim rimmum og var orator komin yfir 3-7. Þá var komið að stjórnarboltanum og lékum við án þess að vera með varamann á móti einum varamanni hjá orator. Við sýndum að sjálf-sögðu snilld- artakta en þeir dugðu ekki og töpuðum við 2-3, en okkur fannst við samt standa



okkur betur því við vorum jú einum manni „færri“. Eftir íþróttakeppnina var staðan orðin 8-3 og við vissum að bikarinn yrði ekki okkar í ár þar sem að það voru bara 4 stig eftir í pottinum.

Þrátt fyrir að vera orðið „tapliðið“ í keppninni þá mættu við galvösk upp í fóstbræðraheimilið til þess að etja kappi í drykkjugeppni og ræðugeppni. Við töpuðum drykkjugeppninni og því stigi sem var í boði. En þá var komið að aðalkeppninni, ræðugeppninni, en það skiptir mestu máli hver vinnur hana en orator hafði unnið hana síðastliðin 9 ár. Umræðuefni keppinnar í ár var dauðarefsingar og töluðum við á móti þeim. Ræðuliðið okkar í ár skipuðu Gestur Steinþórsson, Jakob Ómarsson, Viðir Orri Reynisson og Hjalti Rúnar Sigurðsson sem hafði yfirumsjón yfir liðinu. Þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu keppnina! Þvílíkur sigur fyrir okkur og voru það glaðir Mágusarmeðlimir sem skemmtu sér fram á nótt.

### Guðbjörg Erla Ríkharðsdóttir

Þrátt fyrir að hafa tapað keppninni 6-9 þá unnum við samt aðalkeppnina, erum klárust, skemmtilegust, flottust, og síðast en ekki síst myndarlegust og getum við vel við unað þrátt fyrir að hafa ekki fengið bikar í hendurnar í ár.

Lengi lifi MÁGUS!!





# SPJALLAÐ VIÐ NÝNEMA

Björn Björnsson | 21 árs



Úr hvaða skóla kemur þú? Fjölbrautaskóla Suðurnesja og tók diplómanám frá Bifröst. Afhverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Áhuginn hjá mér á viðskiptum hefur verið til staðar frá því að ég man eftir mér og verður það sjálfsagt þar til ég mun gleyma mér. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Markaðsfræðin er líklega skemmtilegust og Davíð Ólafur Ingimarsson líkast til bestu kennarinn. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? Ég er á stjórnunarlinunni eins og staðan er í dag, en kem til með að færa mig yfir á fjármála- eða markaðsfræðilínuna. Draumastarfið að námi loknu? Opinn fyrir öllu gáfulegu. Flottasta vísindaferðin? Nýnemaferðin var góð en Karla- og kvennakvöldið var legendery! Hvert er þitt persónulega mottó? Þeir fiska sem róal Hver er það sem þú lífur mest upp til? Ég líft reglulega upp til sjálfs míns þegar ég þarf á því að halda. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Fanney Einarsdóttir sendir mér reglulega ýmislegt furðulegt. Síðast var það: „Silikon beiby hahaha =)“ Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Líftu á starf þitt eins og hlutverk frægs leikara eða skemmtikrafts. Vertu stjarna, leiktu þitt hlutverk og fáðu borgað fyrir.

Gunnar Örn Runólfsson | 22 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? MH. Af hverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Áhugaverðasta deildin. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Markaðsfræði – Siggi (Sigurður Gunnlaugsson) markaðsfræði kennari. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti. Draumastarfið að námi loknu? Það væri draumur sem vonandi yrði að veruleika að fá starf sem tengist knattspyrnumálum eða tónlistargeiranum. Svo væri ekki leiðinlegt að tromma áfram með bandinu og túra um Evrópu og víðar. Flottasta vísindaferðin? Marel stendur helst upp úr. Hvert er þitt persónulega mottó? Ef metnaðurinn og viljinn er til staðar þá er allt hægt. Hver er það sem þú lýtur mest upp til? Ég lýt mest upp til þeirra sem eru fremstir á sínu sviði. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Takk, þú ert bestur! Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Mögulega.

Bryndís Reynisdóttir | 20 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Af hverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Það er eitthvað við markaðsfræðina sem heillar mig. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Uppáhaldsfagið mitt er markaðsfræði og uppáhaldskennarinn er Siggi (Sigurður Gunnlaugsson), sem kennir Inngang að markaðsfræði. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? Markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Draumastarfið að námi loknu? Starf á auglýsingastofu. Flottasta vísindaferðin? SP fjármögnun var flottasta vísindaferðin en nýnemaferðin og salsakvöldið voru lang skemmtilegustu viðburðirnir. Hvert er þitt persónulega mottó? Þetta reddast...! Hver er það sem þú lífur mest upp til? Foreldrarir mínir. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Ég fékk síðast SMS frá systur minni og í því stóð „Mundu að sækja mig“. Ég átti að sækja hana í tónlistarskólann. Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Ég vil þakka Mágusi fyrir frábæra dagskrá í vetur og vona að næsta önn verði jafn skemmtileg og þessi sem er að klárast.

Hróar Örn Jónasson | 20 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? Verzlunarskóla Íslands. Afhverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Áhugaverðasta brautin. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Staerðfræði og Sigurður Gunnlaugsson. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? Reikningshaldi. Draumastarfið að námi loknu? Síðbreytilegt frá degi til dags. Flottasta ferðin? Karla- og kvennakvöldið. Hvert er þitt persónulega mottó? Að komast á tindinn á eigin fjalli. Hver er það sem þú lýtur mest upp til? Kazunori Yamauchi. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Tu fullur? Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Njótum hversdagsins, þar verða minningarnar til.

Fanney Einarsdóttir | 23 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Af hverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Það var annað hvort sálfræði eða viðskiptafræði. Ég féll fyrir Markaðs- og alþjóðaviðskiptum og ákvað því að slá til. Þetta á bara eftir að gagnast mér í framtíðinni því þetta er algjörlega mitt áhugasvið. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Markaðsfræði og staerðfræði en stjórnun er líka ofarlega. Sigurður Gunnlaugsson og Davíð Ólafur Ingimarsson eru bara algjörir snillingar. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? Markaðsfræðin heillar mig mest í dag en ég er ennþá að ákveða mig. Draumastarfið að námi loknu? Elgin rekstur er draumurinn, þess vegna er svo gott að vera menntuð á viðskiptasviðinu. Flottasta vísindaferðin? Því miður hef ég ekki tekið þátt í henni enn en mér skilst að þær hafi allar verið mjög æðislegar. Hvert er þitt persónulega mottó? Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig, síðan að lifa lífinu á jákvæðu nótunum annars er ekkert gaman að lifa. Hver er það sem þú lífur mest upp til? Án efa múttan mín, hún hefur afrekað mikið í lífinu og ég gæti ekki verið meira stolt af henni. Þabbi minn fylgir fast á eftir henni. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Ég spurði þjálfarann minn hvort ég mætti koma í þjálfun til hennar á öðrum degi og hún svaraði: „Kemur í ljós, læt vita hvort það verður laust....“ Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Uppáhalds ljóðinu mínu: Somewhere there's someone who dreams of your smile, and finds in your presence that life is worth while. So when you are lonely, remember it's true Somebody somewhere is thinking of you. - K. Blackburn -

Ívar F. Sturluson | 22 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? Versló. Afhverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Hef mikinn áhuga á viðskiptum og markaðsfræði. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Það mun vera Inngangur að markaðsfræði og þá er það einnig við hæfi að uppáhaldskennarinn sé hann Sigurður Gunnlaugsson. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? „Á hvaða línu“?? Ég ætla nú bara að reyna að fara ótroðnar slóðir í markaðsmálum. Draumastarfið að námi loknu? Forstjóri Coca Cola Company. Flottasta vísindaferðin? Ég verð nú að fá að nefna tvær uppáhalds ferðir en hvorug var vísindaferð og þær munu vera nýnemaferðin og svo auðvitað Karla- og konukvöldið. Hvert er þitt persónulega mottó? Uuuu er ekki með neitt persónulegt mottó sem ég fer eftir dagsdaglega en eigum við ekki bara að segja.... : „Get rich or die trying“. Hver er það sem þú lýtur mest upp til? Ætli það sé ekki bara hann Steve Jobs. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Ekkert merkilegt, eitthvað skólafengt. Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Neee það held ég ekki....

Guðrún Ýr Skúladóttir | 22 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra. Af hverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Hef áhuga á tölum, skipulagi og fjármálum. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Fjárhagsbókhalda er uppáhaldsfagið mitt en uppáhaldskennarinn er hann Davíð Ólafur Ingimarsson ðæmakennari í staerðfræði. Á hvaða línu ætlar þú að sérhæfa þig? Ég er búin að skrá mig í markaðsfræði og alþjóðaviðskipti en sú ákvörðun er nú ekki endanleg.... ég hef ennþá smá meiri tíma til að ákveða þetta. Draumastarfið að námi loknu? Hef ekki hugmynd, ég er alltaf að vonast til að vakna einn daginn og bara vita hvað hentar mér. Flottasta vísindaferðin? Ég verð að segja KPMG en ef að ég má velja atburð sem var ekki vísindaferð þá stendur nýnemaferðin klárlega uppúr. Hvert er þitt persónulega mottó? Að vera hamingjusöm, lifa á björtu hliðarnar og hláturinn lengir lífið... fátt skemmtilegra en að hlæja. Hver er það sem þú lýtur mest upp til? Móðir mín.... er ávallt hress og jákvæð sama hvað gengur á. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Hehe .. það stendur „Namminamm, Pillal“ Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Takk fyrir góðan félagsskap í vísindaferðunum og ég óska ykkur öllum góðs gengis í náminu.

Steinunn Björnsdóttir | 18 ára



Úr hvaða skóla kemur þú? Glebe High School. Af hverju varð viðskiptafræði fyrir valinu? Þegar ég var 8 ára fannst mér frænka mín sem er endurskoðandi alltaf í svo flottum stígvélum og sokkabuxum að mér langaði að vera eins og hún. Hvað er uppáhaldsfagið þitt og kennari? Ætli það sé nú ekki markaðsfræðin en hann Bjarni Frímann fjárhagsbókhalda-kennari er minn uppáhalds.. dúllan sjálf. Draumastarfið að námi loknu? Stjórnandi hjá einhverju krúttlegu en flottu fyrirtæki. Flottasta vísindaferðin? Karla- og Konukvöldið (ég veit ekki vísindaferð). Hvert er þitt persónulega mottó? Legally blond. Hver er það sem þú lýtur mest upp til? Mamma mín. Hvað stendur í síðasta sms-inu sem þú fékkst? Steinunn, í horninu þar sem baseball kylfan er, tar eru líka 2 reglhlifar. Tíð getið tekið það ef tad rignir... Eitthvað að lokum sem þú vilt deila með samnemendum þínum? Það sakar ekki að spyrja.



# SPURNINGAR MILLI SVIÐA

Þegar við viðskiptafræðinemar kynnum okkur fyrir nýju fólki og segjum hvað við erum að læra, þá koma gjarnan upp viðbrögð eins og „já enn einn viðskiptafræðingurinn“ eða „vantar fleiri slíka?“

## Spurningar fyrir Ellisif – fjármálaspurningar

### 1. Hvað er skortsala?

E: Útsala.

### 2. Hvað er núvirði?

E: Reiknað með tilliti til hvers virði það er í dag.

### 3. Hvað eru virkir vextir?

E: Vextir sem reiknast mánaðarlega.

### 4. Hvað eru skuldabréf?

E: Fyrirtæki gefur út skuldabréf, einskona lán fyrirtækis sem gefur út skuldabréf og fyrirtækið borgar til baka með vöxtum.

### 5. Hvað er ávöxtunarkrafa?

E: Fyrirtækin er misjöfn milli bréfa og vænta ávöxtun.

### 6. Hvað eru fjármálagerningar? (nefna amk. 2 atriði)

E: Skuldabréf og hlutabréf.

### 7. Sjóðstreymi er skipt í þrjá kafla, hvað heita þeir?

E: Eignir, skuldir og eigið fé.



Rétt svör fjármálaspurningar

1. Skortsala kallast þegar fjárfestir fær bréf að láni og þarf að afhenda þau á ákveðnum tíma í framtíðinni.
2. Upphæð í framtíð ávöxtun til núttíðar.
3. Vextir sem eru reiknaðir oftar en einu sinni á tímabili.
4. Samningur til langs tíma, lanveitandi lanar fé gegn því að lántaki samþykki að greiða eigna skuldabréfsins ákveðna fjárhæð auk vaxta af höftuðstól.
5. Vextir sem fjárfestir vill fá af fjárfestingu sinni á lanstímanum.
6. T.d. verðbréf, skuldabréf, hlutabréf, allleiður, framvirktir samningar, valrettasamningar og hlutdeildarskirtími.
7. Rekstrarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar og fjármögnununarhreyfingar.

Það sem margir vita ekki er að viðskiptafræðin skiptist í fjórar línur, Stjórnun, Markaðsfræði og Alþjóðasamskipti, Reikningshald og Fjármál. Á þriðja ári eru nemarnir á sinni línu og taka áfanga sem tengist því. Námið býður því upp á mikla möguleika og við útskrift eru það ekki fjöldaframléiddir viðskiptafræðingar sem koma út í samfélagið heldur viðskiptafræðingar með mismunandi bakgrunn og þekkingu.

Við hittum tvo viðskiptafræðinema, Ellisif Sigurjónsdóttur sem er á Markaðsfræði – og alþjóðasamskiptalínu og Ingvar Sigurðsson sem er á Fjármálalínu. Við spurðum þau nokk-urra spurningar út í námsefnið sem tilheyrir línu hvors annars.

Hér má sjá hvernig þeim gekk.

## Spurningar fyrir Ingvar – markaðsfræðispurningar

### 1. Hvað er fyrsta skrefið í markaðsfærslu?

I: Að greina markaðinn.

### 2. Hverjir eru söluráðarnir 4 (4-p)?

I: Vara, kynning, verð, dreifing.

### 3. Viðskiptavinurinn hefur alltaf rétt fyrir sér, rétt eða rangt?

I: Rangt, hann hefur ekki alltaf rétt fyrir sér, það er bara þannig.

### 4. Hvað er points of Parity (samsvörun)?

I: Þegar maður er að bera saman tvær vörur.

### 5. Hvað er staðfærsla?

I: Færsla á markaði.

### 6. Hvað er markhópur?

I: Hópurinn sem verið er að reyna að selja vöruna til.

### 7. Getur þú nefnt 3 af 5 kynningarráðunum?

I: Auglýsingar, internet, í dag facebook.



Rétt svör markaðsfræðispurningar

1. Að finna þörf á markaði.
2. Vara, verð, veltvangur og veggisauki og er í því sambandi oft talað um p-in-fjögur (product, price, place, promotion).
3. Rangt, aðeins réttur viðskiptavinur hefur alltaf rétt fyrir sér.
4. Eru tengsl sem eru ekki endilega sérstæð og jafnvel sameiginleg með öðrum sölu. Að okkar vörumerki sé alveg jafn gott og jafnvel betra en hjá samkeppnisáðilum, þarf ekki að vera það sama en þarf að hafa jákvæð viðbrögð.
5. Þegar fyrirtæki móta stefnu sína og ákvarða hvar og hvernig þau selja að staðfæra sig í hugnum neytenda. Gera vöru aðgreinandi og eftirsóknaverðari í hugnum neytenda samandið við vöru samkeppnisáðila.
6. Eins og í allri markaðsstarfsemi er nauðsynlegt að skilgreina vel þann hóp sem ætlunin er að höfða til. Hvaða aðilar eru það sem helst geta, vilja og eru tilbúin til að eiga viðskipti.
7. Auglýsingar, bein markaðssetning, söluhvarfar, almannatengsl og persónuleg sölumennska.



# VIÐTAL

## Sigurður Gunnlaugsson

### Hver er maðurinn?

Sigurður Gunnlaugsson, er fæddur 1971 og er fasteignasali og markaðsfræðingur. Uppalinn í Garðabænum, Stjórnmaður en búsettur í dag í Grafarholttinu. Stúdent frá Fjölbrotarskólunum í Garðabæ 1991, hóf síðan nám í HÍ í eina önn en hætti og ákvað að fara í markaðsfræðinám til Bandaríkjanna. Fór síðan í nám í College of Business við University of North Texas (UNT) frá 1995-1998 þar sem ég útskrifaðist með Bachelor of Business Administration (BBA) gráðu í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði.

### Hvað hefurðu starfað við í gegnum tíðina?

Ég hóf snemma störf við að selja t.d. auglýsingar í tímarit, t.d. Bílasölublaðið og útvarp, Atomstöðina, X-ið o.fl. og vann við það, ásamt öðru frá 1986-1991. Um tvítugt, 1991, hóf ég störf hjá Innes ehf. heildsöluinni samhliða námi við HÍ, fyrst við útteyrslu og lagerstörf, síðar við sölumennsku og markaðsmál en eftir að ég kom heim úr námi 1998 var ég ráðinn fyrsti markaðsstjóri fyrirtækisins og starfaði sem slíkur til ársins 2000. Hjá Innes vann ég ásamt fleirum að uppbyggingu vörumerkja eins og Hunt's, Orville, Wesson, Filippo Berio, Tilda, Pascuala jóгурts o.fl. Árið 2000 hóf ég störf sem markaðs- og sölustjóri hjá Sól-Víking hf. þar til það var sameinað Vífilfelli hf. Á meðan ég starfaði fyrir Sól-Víking kom ég að stofnun Birtingahúsins ehf., ásamt fleiri markaðsstjórum þar á meðal Friðriki Eysteinessyni þáverandi forstöðumanni markaðs- og sölusviðs Vífilfells og núverandi adjunk í markaðsfræði við viðskiptafræðideild HÍ. Starfaði sem framkvæmdastjóri Birtingahússins ehf. í 7-9 mán við að koma fyrirtækinu af stað á vormánuðum 2002. Ég hafði einnig stofnað mitt eigið ráðgjafafyrirtæki, G.S. Ráðgjöf ehf., nokkrum árum áður og hef byggt upp síðan. Árið 2005 keyptum við Hafdís Björk Rafnsdóttir konan mín hlut í fasteignamiðluninni Mjódd ehf., en það félag rak RE/

MAX Mjódd á þeim tíma. Árið 2007 opnuðum við aðra stofu undir vörumerkinu RE/MAX Torg á Garðatorginu í Garðabæ. Frá því að við komum að rekstri félagsins 2005 hef ég starfað þar sem framkvæmdastjóri, sölufulltrúi og sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Í dag eigum við meirihluta í félaginu og rekum eina stofu, RE/MAX Torg í Garðabæ. Ég hef alltaf rekið GS Ráðgjöf samhliða fasteignasöluinni og unnið fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir eins og Pizza Hut, Krabbameinsfélagið o.fl. Einnig hef ég setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja, sem og stjórnnum hagsmunasamtaka eins og Samtökum Auglýsenda (SAU). Svo hef ég fengist við kennslu við viðskiptadeild HÍ sem stundakennari í markaðsfræði síðustu árin en jafnframt er ég að ljúka mastersnámi (MSc) við HÍ í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum.

**Selja auglýsingar í tímarit og útvarp Innes í útteyrslu Markaðsstjóri Innes Markaðsstjóri Sól-Víking Birtingahúsið G.S. Ráðgjöf ehf. Framkvæmdastjóri Fasteignamiðluninni RE/MAX Torg Stundakennari í viðskiptadeild HÍ**

### Hverjir eru fjöldskylduhagir þínir?

Ég er giftur Hafdís Björk Rafnsdóttur og með fjögur börn, þrjá stráka og eina stelpu.

### Hverjir eru þínir helstu kostir?

Held það sé þessi brennandi áhugi á markaðsfræði, markaðssetningu og sölumálum.

### En gallar?

Á það til að tala of mikið.

### Stundaðirðu mikið félagslífið í skólanum?

Ég gerði það á árum áður, mikilvægt að stunda markaðstengsl við sína samnemendur en í dag hef ég dregið nær alveg út þáttöku minni í félagslífinu við HÍ, maður er jú orðinn einhvers konar eilífðarstúdent og ráðfastur maður með konu og börn.

### Finnst þér margt hafa breyst í náminu í markaðsfræði frá því þú lærðir?

Það hefur auðvitað orðið mikil bylting í tölvumálum og netið komið inn allsstaðar. Þegar ég var að læra var bara hægt að komast á netið í tölvustofunum í skólanum og engir með fartölvur, margir áttu ekki einu sinni tölvu, þar með talið ég sjálfur. Maður lærði mikið tölfræði á blaði en líka í tölvum og þá í DOS umhverfinu með forriti eins og SPSS en í dag er þetta allt annað í Windows umhverfinu. Bara það að framkvæma markaðsrannsóknir, safna svörum o.fl. tók allt lengri tíma en núna í dag, þar sem hægt að gera þetta bara á nokkrum dögum í gegnum netinu. Við UNT voru um 26 þúsund stúdentar og ég man að í einu verkefninu átti ég að finna karlmann, í framhaldsnámi við tónlistardeildina, blökkumann, og á aldrinum 18-21 árs. Ef ég man rétt var ég að leita að 20-30 svarendum en við vorum þá að gera rannsókn og alhæfa frá þýðinu allir nemendur við UNT.

### Hver var lokaritgerð þín?

Lokaverkefnið mitt við UNT var stefnumarkandi markaðsáætlun fyrir lítið fyrirtæki og tók það heila önn. Við vorum nokkur í hóp sem áttum að gera 3ja ára stefnumarkandi markaðsáætlun fyrir fyrirtæki og eins árs aðgerðaráætlun, tilgreindum niður á daga hvað átti að gera í uppbyggingu á vörumerkinu, og varðandi aukningu í sölu en loka markmiðið var að auka hagnað félagsins. Við völdum að vinna verkefnið fyrir bar í nágrenni við háskólann sem hafði verið í rekstri í fáein ár og athuguðum hvort það borgaði sig fyrir barinn að bæta við núverandi bjórsölu, sölu á sterku áfengi eða ekki. Það reyndist ekki hagstætt samkvæmt niðurstöðu okkar og áætlaðri rekstraráætlun til þriggja ára að bæta við sölu á sterku áfengi. Okkar skýrsla nýttist stjórnendum vel og allt námið var mjög praktikal að mínu mati.

### Telurðu vera mikilvægt að hafa einhvern sérstakan bakgrunn fyrir viðskipta eða markaðsfræðinám?

Nei, ekkert frekar. En menntun skiptir miklu, skulum ekki fara nánar út í það atriði en fyrir utan það er mikill kostur að vera mannblendinn eða það sem bandaríkjamenn kalla „people person“.

### Er eitthvað sérstaklega minnisvert comment frá nemanda sem þú manst eftir?

Man nú ekki eftir einhverju sérstöku kommenti en í kennslukönnun sem var gerð var haft eftir einum nemanda að ég ætti að segja færri hetjusögur af sjálfum mér. En ég hef reynt í minni kennslu að leggja mikið upp úr raun-dæmum beint úr atvinnulífinu til að tengja fræðilegan hluta námsefnisins við atvinnulífið.

### Á það til að tala of mikið

### Finnst þér gaman að kenna?

Mjög gaman, enda með mikinn áhuga fyrir efninu.

### Þinn uppáhaldsvinnustaður?

Það var mjög gaman að vinna hjá Sól Víking en einnig Innes ehf. Því þar fékk ég að koma að öllu hjá fyrirtækinu og sem fyrsti markaðsstjóri vann maður brautryðjandi starf, þurfti oft að prufa sig áfram.

### Hver finnst þér stefnan vera á íslensku viðskiptalífi (framfarhorfur, atvinnumöguleikar)?

Safe is the new risky, today. Að það er ekkert sem heitir að spila það öruggt í dag, gæti jafnvel verið það hættulegasta!

Nei, að öllu gamni slepptu þá þarf að horfa til framtíðar og hætta að hugsa um gærdaginn. Fara aftur í grunnatriðin því eins og einhversstaðar er skrifað snýst markaðsfræðin um að ná í viðskipti til sín og halda þeim síðan hjá sér, sínu vörumerki. Þetta er í raun mjög einfalt en í framkvæmd mun flóknara...komið bara í tíma hjá mér og þið munuð sjá ljósið....

### Svona að lokum, hver er framtíðardraumurinn??

Stefnan er að verða auðvitað fastráðinn við HÍ, prófessor í markaðsfræði svona uppúr 45-47 ára aldrinum. Fulltime kennsla og rannsóknir.





Klukkan er fimm á sunnudagsmorgni þann 1. nóvember og 6 saklausar stelpur eru á leiðinni til Keflavíkur. Anna Sigga, Eva Björk, Oddný, Guðlaug, Björk og undirrituð aka Sú. Langt ferðalag framundan. Fyrst verður flogið til London og þaðan er ferðinni heitið til Tampere í Finnlandi! Þema ráðstefnunnar er „Foundation for boom“.

Eftir einn kaldan í Leifstöð og tæplega þriggja tíma flug lentum við á Gatwick flugvelli í London upp úr hádegi. Nú voru góð ráð dýr þar sem tengiflugið okkar til Tampere flaug frá öðrum flugvelli, Stansted. Við ákváðum strax að leggja í hann þótt flugið færi ekki fyrr en eftir 6 tíma. Ójá ekki mátti miklu muna.

## Kuldinn var rosa- legur en spenningurinn í hámarki

Með Ryanair flugum við svo áleiðis til Finnlands. Það má einungis taka 15 kg. farangur með sér og 10 kg. í handfarangur með Ryanair sem er ekki gott fyrir 6 stelpur á leiðinni í 8 daga ferðalag. En þetta hafðist að lokum en hvernig þetta færi á bakleiðinni, yrði bara að koma í ljós!

Eftir langt ferðalag lentum við loks í Tampere á sunnudagskvöldinu, en ráðstefnan byrjaði ekki fyrr en daginn eftir. Kuldinn var rosa-legur en spenningurinn í hámarki. Við fengum að gista á Sorin Klubi\* og var svefninn vel þeginn fyrir átök vikunnar. Borðuð var fyrsta máltíðin á Mcdonalds\*.

Á mánudeginum eftir góða ferð í Alko\*, hittum við alla hina NESU-snillingana á lestarstöðinni og lögðum af stað í bústaðinn (e. Cottage) fyrir utan Tampere. Þar hófst svo sítifest\*. Allir fóru í sína galla og settust niður. Ekki er hægt að segja hvað þar fór fram (what happens in NESU stays in NESU) en þar var drukkið, borðað, sungið, flutt skemmtiatriði og kíkt í sauna.

Eftir langa en ansi fjöruga nótt var vakning um hálf 10 og byrjaði þá vinnudagur NESU beint eftir morgunmat. Þar var stiklað á stóru og framtíð NESU rædd.

# PASKA SEMMA\* NESU

Eftir hádegi var keyrt aftur til Tampere og beint á Omena Hotel. Máltíð tvö á Mcdonalds. Seinna um kvöldið var Kareóki, þar sem allir tóku þátt í að syngja, nýir sem gamlir. Við Íslendingarnir tókum gamla slagara eins og Ice Ice baby með Vanilla Ice sem hljómar ekki eins vel og maður heldur. En eins og forveri minn sagði að þá er kareóki fyrir alla, falska sem flotta. Máltíð þrjú á Mcdonalds.

Miðvikudagurinn byrjaði svo um hádegi þegar við hlýddum á mjög svo áhugaverðan fyrirlestur frá kennara Háskólans í Tampere, Kari Lohivesi. Yfirskriftin var „Disruptive changes in our age of globalization“. Beint á eftir honum kom fyrirlesari frá KPMG, einnig mjög áhugavert. KPMG er einmitt eitt stærsta endurskoðendafyrirtæki í heiminum og leiðandi ráðgjafafyrirtæki. Hvernig er hægt að nýta hrun fjármálaheimsins til hins betra? Máltíð fjögur á Mcdonalds. Kvöldprógrammið var ekki af verri endanum. Flottur kokteilbar þar sem var tilboð á „sparkling wine“ á einungis € 1. Gott fyrir íslenska buddu.

Fimmtudagurinn byrjaði snemma á fyrirlestri frá Veikko Somesalmi. Eftir hádegismatinn kom fyrirlesari frá Basware sem er leiðandi fyrirtæki



í heiminum á sviði fyrirtækjalausna. Basware sérhæfir sig í lausnum fyrir fjármálastjórnir fyrirtækja og greiðsluþjónustu.

## Máltíð fimm á Mcdonalds

Um kvöldið var „City Run“ en þá fengum við að kynnast Tampere vel, leysa þrautir og heimsækja marga pöbba. Seinna um kvöldið var „Overall party“ þar sem allir klæddust göllunum sínum og fóru á Love Hotel\*. Þar voru allir háskólarnir í Tampere saman komnir til að skemmta sér og dansa mikið.



Eftir frábæran fyrirlestur frá Hannu Salo á föstudagsmorgninum var komið að „Union meeting“. Á union meeting eru málefni NESU rædd. Fulltrúi frá hverri borg segir frá hvað sé að gerast hjá þeim, hvernig NESU gengur fyrir sig og hvernig best sé hægt að stækka NESU innan hverrar borgar. Næsta ráðstefna er kynnt (sem var í Vaasa 1. til 7.mars 2010) og nýr forseti NESU er kosinn. Að þessu sinni kynni ég stolt að forseti NESU er Anna Sigríður Hafliðadóttir fyrrverandi formaður NESU á Íslandi og mun hún sitja sem forseti í eitt ár. Máltíð fimm á Mcdonalds.

## Hvernig er hægt að nýta hrun fjármálaheimsins til hins betra?

Seinna sítifestið var svo um kvöldið, „Nordic evening sítis“. Sítifest var haldið í Sorin Klubi og var það mjög flott og margir mættu sem ekki voru gestir á ráðstefnunni. Til gamans má geta að boðið var uppá ostborgara frá Mcdonalds og dýrindis volga eplaböku í eftirrétt. Var þetta kvöld einstaklega vel heppnað og allir ánægðir.

Galakvöldið og jafnframt lokakvöldið var haldið á laugardagskvöldinu. Allir í sínu finasta þússi, þriggja rétta máltíð auk víns og verðlaun veitt. Flott kvöld í alla staði.

Það er alltaf sérstaklega erfitt að kveðja alla eftir svona viku og svona góðan tíma saman. En maður getur huggað sig við það að maður á eftir að sjá þetta fólk aftur á næstu ráðstefnu, því NESU andinn lifir sterkt meðal okkar og alltaf virðist fólk þetta fara aftur og aftur og aftur.

Það er ótrúlegt að hugsa til þess hversu marga vini og félaga maður eignast á þessum ráðstefnum og tengslanetið um Norðurlöndin eykst með hverri ráðstefnu. Bók með ferilskrám allra þátttakenda er dreift meðal oss og einnig til fyrirtækja.



NESU er ekki bara skemmtun heldur einnig fróðlegt að sjá hvernig fyrirtæki á Norðurlöndum hugsa og starfa. NESU er hvetjandi til náms erlendis og víkkar sjóndeildarhringinn.

Steinunn Tómasdóttir,  
Formaður NESU á Íslandi

### \*Útskýringar

- Paska Semma = Skífa/fjandans ráðstefna
- Sorin Klubi = Aðstaða Boomi félags viðskipta- og hagfræðinema í Tampere
- Mcdonalds = Hamborgarastaður sem finnst einungis í Útlöndum
- Alko = ÁTVR Finnlands, þar er selt áfengið yfir 4,7%
- Sítifest = Sítjandi partý þar sem farið er eftir ákveðnu skipulagi, „toastmasters“ stjórna, fólk syngur og drekkur að hætti vikinganna
- Love Hotel = Risastór skemmtistaður í Tampere



# ÁRSHÁTÍÐIN



Í upphafi skólaársins var sett saman lítil Skemmtinefnd Mágusar sem fékk það áhugaverða verkefni að setja saman tvo stóra viðburði, Bjórvissuferðina og Árshátíð Mágusar.

Eftir miklar vangaveltur varðandi staðsetningu árshátíðarinnar árið 2010 var sú ákvörðun tekin að fara aðeins út fyrir kassann og brjóta upp hefðina. Ákveðið var að leggja undir sig bítlabæinn Keflavík.

Skipulagningin gekk eins og vel smurð vél, en það var líkt og nefndin hefði unnið saman í mörg ár.

Skemmtinefndin tók að sér að setja saman kvöldið alveg frá grunni, sá um að panta matinn, leggja á borð, skreyta salinn, mála pappakassa og margt fleira til að mynda eins góða Casino stemmningu og hægt var.

Niðurstaðan var frábært kvöld í faðmi

samnemenda þar sem fólk skemmti sér konunglega allt kvöldið.

Árshátíðin byrjaði upp á Háskólatorgi þar sem nemendur komu saman áður en lagt var af stað til Keflavíkur, en þar beið þeirra fordrykkur og vel skreyttur salur.

Á meðan fólk naut þess að borða góðan mat sáu kynnar kvöldsins, Ingi og Jóel um að skemmta fólki með léttu


gríni í bland við alvöru. Heiðursgestur kvöldsins, Davíð Ólafur Ingimarsson, hélt ræðu fyrir nemendur, þar sem hann talaði um háskólaár sín. Hápunktur kvöldsins var svo án nokkurs vafa þegar söngfuglinn Gestur Steinþórsson og gítarsnillingurinn Hjörtur A. Guðmundsson fóru yfir gestalistann.

Undir lokin var Gestur Steinþórsson krýndur herra Mágus og Margrét Theódórsdóttir ungfrú Mágus.

Eftir matinn og skemmtunina færðu nemendur sig yfir í danssalinn þar sem DJ Bogi sá um að spila heitustu tónlistina í dag í bland við gamalt og gott. Fengu nemendur þá tækifæri til að hrista sig all svakalega langt fram á nótt. Kvöldið endaði svo á rútufærð heim til Reykjavíkur þar sem íslensk tónlist var spiluð út í eitt og sungu margir úr sér raddböndin.

Viljum við þakka öllum fyrir frábært kvöld og vonum við að þið hafið skemmt ykkur eins vel um kvöldið og við skemmtum okkur að skipuleggja stærsta viðburð ársins.

Skemmtanastjóri Mágusar  
2009-2010  
Sigurður Svansson





# MATREIÐSLUHORNID

Viðskiptafræðinemar eru margir hverjir þekktir fyrir snilldar takta í eldhúsinu. Við litum inn hjá nokkrum útvöldum meistarakokkum og fengum þá til að töfra fram dýrindis rétti.



Sindri Jónsson

## Lambafille Le Einar Gella

### Uppskrift fyrir 4

Hráefni

Kjötið:

4 stk. Lambafille m/fiturönd  
Best á lambið / Lamb Islandia frá pottagöldrum  
Dijon sinep

Kartöflur:

700 g kartöflur, 1 rósarínkvistur, smjör, salt, ólífuolía og hvítlauksrif

Piparsósa:

½ Piparostur, 250 ml. matreiðslurjómi, mjólk, 6-8 sveppir, smjör

Salat:

1 rauðlaukur, 4 tómatar, Fetaostur, ólífuolía

### Aðferð

Kjötið: Skerðu létt í fituröndina og búðu til rákir í hana. Kryddinu nuddar þú síðan í rákirnar. Ekki verja ef þú hefur möguleika á því að láta kjötið standa í kryddinu. Hitar ofninn í 180°, lokar kjötinu á pönnu - byrjaðu á fituhliðinni. Setur það í fat og inn í ofn í sirka 12-17 mín. eftir smekk. Eftir 7 mín. tekur þú kjötið út og berð dijon sinnep ofan á fituna og klárar steikinguna.

Kartöflur: Hitar smjör og olíu saman í stórum potti, settur rósarín, hvítlauk og kartöflurnar út í, hrærir vel og setjur lok á pottinn. Lætur malla við tiltölulega lágan hita þangað til að kartöflurnar eru orðnar gullinbrúnar. Fjarlægir þá rósarínið og hvítlaukinn. Setur salt á kartöflurnar og berð fram.

Sósan: Setur þínu mjólk í botninn og bætir svo við sirka hálfum piparosti vel bútuðum niður. Hitar þetta rólega og bræðir ostinn. Á meðan osturinn bráðnar vindur þú þér í að smjörsteikja sveppina og mæli ég með að skera þá í ¼ búta og steikja þá á, don't crowd the mushrooms sagði Julia Childs og er gott að hafa það bak við eyrað. Þegar osturinn er alveg bráðnaður og hrærður bætir þú sveppunum og kjötkrafti við að vild, síðan rjómanum, nærð suðunni upp og slekkur undir.

Salat: Skerðu laukinn og tómata í þunnar skífur og raðið í fat hellið ólífuolíu yfir og setjið fetaost ofaná.

Þetta er algjörlega idiot-proof og hver sem er getur eldað þetta. Að auki er þetta ævintýralega gott.

## Parmesan kjúklingur

### Uppskrift fyrir 4

8 stk. brigur og/eða læri með skinni  
5 msk. smjör  
2 msk. steinselja  
1 tsk. basil  
1 dl brauðrasp  
1 msk dijon sinnep  
1 dl parmesan ostur (ferskur)

### Aðferð

Hitið ofninn í 200°C

Blandið smjörinu og sinnepinu aman í skál

Í aðra skál, blandið saman raspinu, parmesan, steinselju og basil

Takið kjúklinginn og dýfið fyrst í smjör- & sinnepsblönduna og síðan í raspblönduna

Raðið í eldfast mót og bakið í 45 mín.

### Meðlæti

Gott að hafa sætar kartöflur og salat með



Steinunn Árnadóttir

## Glútein- og laktósfríu skonsur

Ertu með laktósa- eða glúteínþol en langar til að bragða á fáeinum skonsum. Ekkert mál Einar Haraldsson bjargar deginum enn einu sinni með þessari einföldu, fljótlegu en jafnframt ljúffengu uppskrift.

### Uppskrift

200 g Brot-Mix (Heilsuhúsið)  
2 msk. sykur  
½ tsk. matarsóti  
2 tsk. lyftiduft  
2 egg  
½ l haframjól  
50 g smjörlíki  
1 tsk. vanilludropar



### Aðferð

Blandið öllum þurrefnunum saman í skál. Látið restina af hráefnunum nema smjörlíkið í skálina og hrærið þangað til blandan er laus við kekki. Bræðið smjörlíkið á pönnu og hrærið því við blönduna. Skellið smjöri á pönnuna og steikið við meðalháan hita lítlar finar skonsur þangað til þær verða gullinbrúnar.

### Meðlæti

Einar mælir eindregið með blöndu af hlýnsýrópi, frosnum jarðarberjum og flórsykri, það er blanda sem getur ekki klikkað.



Einar Haraldsson



## Matreiðsluhornið - framhald

### Forréttur

## Exquise d'appel d'offres Langreyður avec garniture

Hráefni:  
Langreyður – slatti Soya sósa  
Hvítlaukur – ferskur  
Einiber  
Svartur pipar – ómalaður  
Rósmarín – ferskt  
Timjan – ferskt

### Aðferð

Þegar við erum með hvalkjöt – Hrefnu og Langreyð þá er gríðarlega mikilvægt lyklatríði sem ber að hafa í huga. Í fyrsta lagi – ekki borða kjötið ef það hefur aldrei verið fryst (þ.e. þó svo að hvalskurðarkallarnir þykist vera töff með því að skera kjötið af dýrunum og snara því upp í sig eins og miklir tappar...þá er það ekkert töff...beinlínis frekar óheilsu-samlegt). Í öðru lagi, og þetta er gríðarlega mikilvægt, skal þiða kjötið með því að setja það beint í vatn. Það MÁ EKKI þiða hvalkjöt með því að láta standa í súrefni. Súrefnið gengur frá kjötinu á núll einni og við fáum leiðinlegt lýsisbragð af kjötinu. Gleymið öllu bulli um að láta kjötið liggja í mjólk eða einhverju öðru fáránlegu – þýðið það bara upp úr vatni og það verður glæsilegt.

Nú. Við tökum einhvern bakka, til dæmis eldfast mót, og hellum c.a. botnfylli af soya sósu í hann. Næst skerum við hvítlaukinn smátt. Alveg...mjög smátt (hefurðu séð Good-fellas? Við erum að tala um Paul-Cicero-að-skera-hvítlauk-í-fangelsinu smátt). Stráið hvítlauknum í botninn á fatinu. Malið piparinn og setjið smá í botninn líka.

Nú tökum við kjötið og skerum það í tiltölulega smáa bita – skemmtilegra að hafa þá ílanga og þunna, helst mjög þunna og u.þ.b. hálfan vísifingur á lengd. Leggið kjötið í soya sósu og hellið slatta af soya sósu yfir – passið að sósan þeki alltt kjötið. Hendið nokkrum einiberjum í fatið, takið smá af timjan (ekki mikið) og rífið yfir og snarið svo svolitlu af rós-maríni líka (ekki mikið en samt töluvert meir en af timjan). Skerið meiri hvítlaug og hendið honum yfir kjötið og endið á að pipra allt vel. Mjög vel.

Setjið plastfilmu yfir bakkann og leggið þetta frá ykkur á góðan stað. Best er að láta kjötið liggja í marinerungunni yfir nótt, en það er ekki lífsnauðsynlegt. Við lifum alveg af þó það séu bara 6 tímar. Hvort sem er – viljum við snúa bitunum við þegar legan er u.þ.b. hálfnuð.

Geymist í leginum við stofuhita og borðist sem forréttur með grænu káli (mæli sérstaklega með Lambhaga salati sem kemur í svona blómapotti og er alveg frábært).

Það er einstaklega glæsilegt að setja slurk af kálinu á miðjan disk (lítinn disk) og raða bitunum fallega í kring.

### Aðalréttur

## Légèrement cuits en douceur Langreyður

Hráefni:  
Langreyður – restin af því sem fór í forréttinn  
Hvítlaukur – sami og áðan  
Soya sósa – lítið af henni samt  
Sjávarsalt  
Svartur pipar – sami og áðan  
Kastaníu sveppir – EKKI venjulegir hvítir, heldur brúnir.  
Toro rauðvínssósa

### Aðferð

Skerið kjötið í frekar þykkar sneiðar (það er bull að þetta eigi að vera í geðveikt þunnum sneiðum, nema þið viljið eyðileggja kjötið, ef það er markmiðið, skerið það þá endilega í mjög þunnar sneiðar). Takið helminginn af kjötinu og leggið í samskonar lög og forréttinn. Nema það má sleppa timjaninu, rósmaríninu og einiberjunum. Látið það samt bara liggja í u.þ.b. 5 mín. Setjið helling, helling, helling af pipar og salti á hinn helminginn.

Hitið teflon-pönnuna ykkar alveg ótrúlega mikið og kastið smá extra-virgin ólífuolíu á hana. Á sama tíma hitiði wok-pönnuna ykkar alveg ótrúlega mikið og kastið töluverðum helling af extra-virgin ólífuolíu á hana. Enn fremur setjiði 3dl af vatni í pott og sósuduftið, sósan eldast svo meðfram þessu öllu og ég geri ráð fyrir því að þið kunnið að elda sósu.

Skerið kastaníusveppina (2 pakka) mjög smátt (ekki jafn smátt og hvítlaukinn, en vel smátt samt) og hendið á wok-pönnuna þegar hún er orðin geðveikt heit. Steikið út í eilífðina, þar til þeir eru mjög vel steiktir. Þeir borðast svo með kjötinu sem eitt besta meðlæti í heimi.

Setjið kjötið á pönnuna og eldið eins stutt og þið þorið. Sjálfur elda ég það þangað til ég held að það sé orðið heitt í gegn. Það er lögmál með hvalkjöt að það er bragðbetra eftir því sem það er eldað minna – þannig að ef þið höndið að elda það í 15sek á hvorri hlið þá er það málið.

Ef að þið finnið lýsisbragð af kjötinu þegar þið borðið það, þá eru tvær mögulegar ástæður, annað hvort komst súrefni að kjötinu of lengi þegar þið þídduð það, eða þið elduðuð það of lengi. Líklega var það eldað of lengi.

Jafnframt er fint að hafa kartöflugratín með þessu – en nóg af sveppum, sósan og kjötið ætti að gera stórgóða hluti.

Verði ykkur að góðu!

Hjörtur

## Forval Wines & Spirits

Er fyrirtæki byggt á mikilli reynslu og sérfræðipækningu. Meðal vína sem verið er að flytja inn; *Marques de Riscal, Marques de Caceres, Freixenet, Canepa, J.Lohr, Delas Freres, René Muré, Domaine Seguinot Bordet, Joseph Mellot, Fonseca, William Grant & Son's o.fl.*

**Við bjóðum uppá;**  
Vínkynningar fyrir hópa, fyrirtæki og verðandi brúðhjón.  
Ráðleggingar við val á víni og magni í veisluna.  
Hagkvæm innkaup.

Frekari upplýsingar gefur Þorleifur Sigurbjörnsson sölustjóri og vínþjónn. Þorleifur hefur gríðarlega reynslu og hefur m.a unnið til fjölda verðlauna í vínfræðum, verið alþjóðlegur dómari í vínþjónakeppnum og fyrrum formaður Vínþjóna Samtaka Íslands.  
Sími: 511-4777  
tolti@forval.is  
www.forval.is



### Saint Joseph „Francois de Tournon” Delas Freres.

*Þriggurmar í cuvée „Francois de Tournon eru einungis handtindar þegar þær hafa náð sem bestum þroska. Vinið er látið þroskast í 10-14 mánuði í eikartunnum sem eru um 1-3 ára gamlar.*

**Lýsing:** Djúp dókkraudur litur, finlegur ilmur af brómberjum, sólberjum, leður, jörð og lyngtónar umvafið í finlegum vott af vanillu. Í munni sýnir vinið mikla mykt og nautnalega áferð með finlegum tanninum og silkimjúkt í eftirbragði.

**Passar með:** Villibrað, nauti, krydduðum pottréttium og flestum ostum.

**Fæst í Vínbúðum:** Í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðránu

**Verð:** 4.404,-



### Chablis "Vieilles Vignes" Domaine Seguinot-Bordet

*Þessi Chablis Vieilles Vignes kemur af 65 ára gömlum vinvíði úr Kimméridgien jarðvegi.*

**Lýsing:** Mjög fallega fölglylltur að lit með grænum glampa, hjartur og kristaltær. Í ilmi ríkulegur og ferskur, angan af hvítum blómum og þroskuðum ávexti. Í munni lætur vinið vita styrk sinn, aðlaðandi og fagað. Ávaxtarikt og blómlegt með vanillu tönum. Mjög langt og svo augljóslega steinefnaleg ending er svo fullkomleg sýning á alvarlegum en þó mjög hrifandi karakter.

**Passar með:** Matarvín fyrir einfalda en vandaða fiskrétti með léttum sósium.

**Fæst í Vínbúðum:** Í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðránu

**Verð:** 3.579,-



### Crozez-Hermitages „Les Launes” Delas Freres.

*Hluti af víninu er látið þroskast í eikartunnum til að fá smá vott af eik og restinni er haldið í hitastýrðum stáltonkum til að viðhalda ferskleika ávaxtarins.*

**Lýsing:** Djúp rauður að lit. Einstaklega ávaxtarikt í ilmi af skógarberjum, plómum, kaffi og vottur af fjólum. Ávöxturinn viðheldur sér í mjúku bragði og nægileg tannin eru til staðar.

**Passar með:** Villibrað, grillmat og öllum krydduðum mat.

**Fæst í Vínbúðum:** Í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðránu

**Verð:** 3.370,-



### Chablis. Domaine Seguinot-Bordet

**Lýsing:** Mjög fallega fölglylltur að lit með grænum glampa, hjartur og kristaltær. Í ilmi er eins og yndislegur sumarmorgun, fersk blómaangan, þroskaður ferskjur, apríkósur og vottur af fjólum sem leiðir mann í finlegan ilm af furutrúi. Í bragði flottur samruni af þroskuðum ávöxtum s.s perum, eplum, sitrónu og perubrjóstsykri ásamt heillandi blómaangan. Steinefnin koma svo í ljós í löngu eftirbragði sem svarar manni og ýtir undir enn meiri þorsta og unað í endann.

**Passar með:** Matarvín fyrir einfalda en vandaða fiskrétti með léttum sósium.

**Fæst í Vínbúðum:** Í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðránu

**Verð:** 3.255,-



### Chateau Haut Bourcier

*Les Portraits*

*„Because our wines are made by people”*

*Er kjörorðið sem notað er til að stýrja við vinnu hæfileikaríkra ræktenda. Myndirnar á flöskunum sýna eigendur sem hver og einn vinna mjög náð að þessu verkefni í Bordeaux.*

**Lýsing:** Vel opið og veruleg ferskt og ávaxtarikt í ilmi. Gómsætt í bragði og mätulega kröftugt, stöppuð fylling af ferskum svörtum kirsuberjum, bláberjum og vott af krækiberjum ásamt kryddjurtum, sveppum og ristuoð eik leyntast í bakgrunni. Frábært jafnvægi, eftirbragð langt og finleg tannin með ristuoðum tönum, kaffi og vottur af sveppum fylgja ávextinum.

**Passar með:** Æðislegt vín með hátíðarmatnum, lambi, hreindýri og nauti.

**Fæst í Vínbúðum:** Í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðránu

**Verð:** 2.427,-



### Canepa Pinot Grigio Reserva Privada Curico Valley. Chile

**Lýsing:** Mjög tær og fól bleikur með ferskum angan af þroskuðum perum, í munni er þetta vín óvenju ferskt, létt og þægilegt. Þetta er ekki feitur Pinot Grigio heldur sætur og ávaxta mikill, virkilega ferskur og léttur með góðri sýru sem gerir vinið að áhugaverðu matarvíni en einnig sem fordrykk eitt og sér.

**Passar með:** Sjávarfangi s.s. skelfisk, salötum og hrisgrjónaréttum, cous cous og mjúkum hvítum ostum.

**Fæst í Vínbúðum:** Í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðránu

**Verð:** 2.261,-





# VIÐTAL

## Eldar Ástþórsson

### Hver er Eldar Ástþórsson?

Ég hef starfað við tónlist mjög lengi, við hin ýmsu tónlistarverkefni. Undanfarið hef ég unnið að gogoyoko.com í markaðsmálum og samskiptum við tónlistarmenn, hef líka verið að vinna sem framkvæmdastjóri tónlistarsjóðs sem ber heitið Kraumur. Er menntaður í upplýsinga og fjölmiðlafræði frá skóla sem heitir Master of Media og er í Gautaborg, Svíþjóð.

### Geturðu útskýrt aðeins fyrir fólki hvað gogoyoko.com er?

Fyrst og fremst tónlistarsíða, vettvangur á netinu þar sem hægt er að hlusta á tónlist og kaupa hana. Sömuleiðis er hægt að vera í samskiptum við tónlistarmenn og aðra tónlistaráhugamenn. Þetta er því í raun bæði samskiptar og tónlistarsíða. Allt á síðunni snýst um tónlist, samskipt í kringum hana, tónlistardóma, umræður um tónlist og síðast en ekki síst geta hlustað og keypt tónlist.

### Hvað merkir nafnið gogoyoko?

Það eru ýmsar sögur um það. Við viljum þó ekkert vera gefa út um uppruna þess, fólk á að hafa ímyndunarafl um hvað þetta þýðir og hvaðan það er komið. Enginn alveg viss um hvernig það kom til en eftir að nafnið festist í sessi í tengslum við síðuna þá erum við sem stöndum að síðunni mjög ánægð með nafnið, það stendur út og fólk man eftir þessu. Grípandi og flott nafn og svolítill ráðgáta á bakvið það skemmir ekki fyrir.

### Hvernig kviknaði hugmyndin að vefsíðunni gogoyoko.com og hverjir standa á bakvið hann?

Hugmyndin kviknaði hjá tónlistarmönnum, Hauki Davíð Magnússyni og Pétri Einarssyni. Þeir höfðu sýslað við tónlist mjög lengi, bæði með sínum eigin hljómsveitum og höfðu rekið litlar

plötuútgáfur samhliða því. Komu saman fyrst til að stofna plötuútgáfu en sáu fljótt að það gerði mjög lítið að stofna enn eina plötuútgáfunna. Vildu þeir fara lengra með hugmyndina og búa til nýjan vettvang til að dreifa tónlist og koma henni á framfæri. Úr því varð gogoyoko þar sem hver sem er getur komið tónlist sinni á framfæri án milliliða og á auðveldan hátt. Sú hugmynd hefur vaxið og þróast. Í dag er gogoyoko líka vettvangur fyrir góðgerðar- og umhverfismál sem tengjast hugmyndafræði síðunnar og fyrst og fremst mun fleiri komið að henni. Í dag eru hátt í 20 starfsmenn sem vinna að gogoyoko. Öll forritunarvinna og slíkt er hérna á Íslandi og því margir sem koma að þessari síðu

### Nú hefur tonlist.is haft yfirburðarstöðu á þessum stafræna tónlistarmarkaði undanfarin ár, hver er sérstaða ykkar samanborið við þann vef?

Sérstaða okkar liggur helst í því að hver sem er getur sett tónlistina inn hjá okkur. Til að mynda getur þú samið lag í kvöld og sett inn á vefinn á morgun og ákveðið sjálfur verðið á laginu. Ekki þessi hefðbundni rammi sem aðrar tónlistarbúðir hafa verið í undanfarin ár. Við verðum að bjóða uppá eitthvað nýtt og nýjar lausnir, bæði fyrir tónlistarmenn og neytendur. Sömuleiðis hægt að kaupa tónlist beint af listamönnum. Öll lög og plötur sem eru á síðunni og í sölu af tónlistarmönnum sjálfum er merkt með svokölluðu fair play gæðavottunarkerfi. Til að mynda í staðinn fyrir að stela tónlist á netinu þá er betra að kaupa af gogoyoko vitandi það að tónlistarmaðurinn fær allan ágóðann, þannig myndast ákveðinn hvati til að kaupa tónlistina í stað þess að ná í hana ólöglega. Einnig er síðan með stóran samfélagsleg hlið sem að aðrir vefir hafa í flestum tilvikum ekki, það er að segja að tónlistarnotendur geti átt samskipti sín á milli.

Okkar hugmyndafræði og aðkoma að markaðnum er því önnur en þessar

hefðbundnar tónlistarbúðir hafa farið. Tónlistarbransinn er að breytast mikið núna og einnig hvernig fólk “neytir” tónlistar, það er hvernig það kaupir tónlist og hlustar á hana. Tónlistarmenn geta reitt meira á sjálfa sig núna og þurfa ekki eins mikið að reiða á milliliði og plötuútgáfur, þó að þær séu auðvitað ennþá til staðar og sinna sínu hlutverki mjög vel.

Tónlistarmenn kjósa að nýta sér möguleika netsins til að koma sér á framfæri og við lítum á okkur sem einn lið í þeirri þróun. Bransinn er auðvitað kominn á fulla ferð á netinu og tónlistarmenn hafa notfært sér það til að koma sjálfum sér og sínum verkum á framfæri.

### Fyrirtækið hefur farið með vefinn erlendis, meðal annars til Norðurlandanna hvernig hefur gengið að fóta sig erlendis með vefinn? Þetta hlýtur að vera gríðarlega erfið samkeppni á þessum markaði?

Jú, það er gríðarlega hörð samkeppni og sem betur fer erum við með nýja og öðruvísi uppbyggingu heldur en tónlistarvefir þarna úti. Samkeppnin er einna helst fólgin í fjölmörgum vefsíðum sem bjóða uppá tónlist og afþreyingu í samræmi við hana. Allir hafa gaman að því að hlusta á tónlist að einhverju marki. Það hefur gengið vonum framár á Norðurlöndum. Við höfum kosið að þróa síðuna í samvinnu við tónlistarmenn og notendur, bæði á Íslandi og Skandinavíu. Við erum komnir mjög langt með þróunarvinnuna, alltaf á 2 vikna fresti eru nýjungar settar inn og síðan betrubætt. Viljum gera það hægt og rólega. Við höfum fengið mjög sterk og góð viðbrögð bæði frá tónlistarmönnum, hljómsveitum, plötuútgáfum og fjölmiðlum þrátt fyrir að hafa ekki verið með vefinn í mikilli markaðssetningu. Það er mikilvægt að hafa fengið fjölmiðlagagnrýni með því sem er jákvætt en einnig fengið þá að vita hvað mætti betur fara og lagað það.

### Hvernig sérðu fyrir þér næstu ár hjá fyrirtækinu og frekari vöxt þess?

Framtíðin er mjög björt hjá okkur og við erum mjög bjartsýn á komandi tíma og erum í raun að hefja þess ferð út á alþjóðamarkað með síðuna. Það eru mjög spennandi tímar framundan þegar við opnum síðuna fyrir fleiri löndum og markaðssvæðum. Við bindum vonir við það að síðan vaxi í takt við vöxt hennar núna undanfarið á Íslandi og Norðurlöndum, og vonandi sjáum við þúsundir tónlistarmanna koma á síðuna á næstu misserum. Það eru pottþétt ákveðnir þroskudar sem þarf að fara yfir og ekki verður auðvelt að takast á við heimsbyggðina. Við erum þó fullir sjálfstraust því að síðan og hugmyndin er vinningsformúla sem mun ganga upp.

### Nú varst þú framkvæmdastjóri Iceland Airwaves til marga ára og einn af upphafsmönnum hennar, það mætti kannski segja að það væri þér í blóði borið að starfa í tengslum við tónlist?

Ég hef alltaf haft mjög gaman að tónlist og starfa í tengslum við hana. Þetta

er óska vettvangur fyrir mig og mín áhugamál að geta starfað við tónlist. Ég er heppinn að geta starfað við tónlist í fjölmörg ár, mætt glaður í vinnuna á hverjum morgni og sinnt því sem mér finnst skemmtilegast að gera. Það er mjög gaman að hafa tekið þátt í að stofnsetja Iceland Airwaves hátíðina erlendis og innanlands og er ánægður með þetta fyrirbæri sem við höfum skapað, það er engin spurning.

### Hvernig finnst þér umhverfið á Íslandi í dag varðandi stofnun og rekstur sprotafyrirtækja? Eru stjórnvöld að gera sitt til þess að búa til rekstrarvænt umhverfi fyrir slík fyrirtæki?

Já að mörgu leyti. Auðvitað er bæði hægt að vera neikvæður og jákvæður. Umhverfið hérna er að mörgu leyti mjög gott en þó vafalaust ýmislegt sem má bæta. En fjöldi sprotafyrirtækja er að spretta upp og það vantar ekki hugmyndir og fólk með sem tilbúið að koma með nýtt og spennandi tækifæri sem hægt er að markaðssetja. En auðvitað getur þetta verið ákveðið langhlaup, maður sér t.d íslensk fyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hafa notið velgengni að það tekur mörg

ár að komast á þann stað. Við erum mjög heppin að umhverfið er að mörgu leyti gott en stjórnvöld gætu ýtt meira undir þennan geira og vonandi að þau fari að gera ennþá betra rekstrarumhverfi. En auðvitað er erfitt ástand og allir átta sig á því að þegar það er verið að skera niður t.d í heilbrigðiskerfinu þá eru stjórnvöld ef til vill ekki í góðri aðstöðu til að skapa kjöraðstæður allstaðar í þjóðfélaginu.

Skattahækkningar eru aldrei skemmtilegar hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, en persónulega lít ég á það að í þeirri stöðu sem við erum í sem þjóðfélag, þá þarf að brúa bilið á fjárlagahallanum. Það þarf að sýna aðhald í rekstri hins opinbera og á móti að reyna fá sem mestar tekjur inn. Alltaf hægt að benda á það sem betur mætti fara og ríkisstjórnin er ekkert í öfundsverðri stöðu. Allir þurfa að taka slaginn til að koma okkur uppúr þessari lægð og ég er alveg sannfærður um það að eftir 5 ár þá stöndum við mun betur og þetta er slagur sem við sem þjóð þurfum að taka.

### Ertu með einhver ráð til ungra frumkvöðla sem eru með hugmynd, hvernig eigi að fara af stað með hana?

Ég myndi segja það að fyrst og fremst er að trú á hugmyndina, það skiptir gríðarlegu máli. Ef þú trúir ekki sjálfur á hugmyndina þá er ekki hægt að ætlast til þess að aðrir geri það. Um að gera að láta á það reyna og þó þú fái mótbyr frá fólki sem er ekki með sömu trú og þú, ekki breyta þinni sannfæringu maður verður að passa sig á að úrvatna ekki upphaflegu hugmyndinni þannig að hún verði ekki að neinu.

Það er auðvelt að taka inn breytingar og áhrif frá öllum og að standa á endanum uppi með vöru eða hugmynd sem var langt frá því sem upphafleg pælingin var. Ég hvet fólk til að trú á það sem það er að gera. Ekki má þó sleppa því að hlusta á ráðleggingar og ekki vera hrædd um að tala um hugmyndina, ekki bara hafa hana fyrir sjálfan sig því þá kemst hún ekkert á framfæri. Reynsla okkar og flestra í þessum geira er að með því að dreifa þekkingunni og fá viðbrögð þá getur það komið mörgum fyrirtækjum og hugmyndum lengra.





# HOLLUR OG BRAGÐGÓÐUR MEXÍKÓSKUR SKYNDIBITI



## 6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT  
N1 BÍLDHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI.

  
**serrano**  
SERRANO.IS

## skiptibokamarkadur.is

Valur Þráinsson er maðurinn á bak við skiptibokamarkadur.is. Hann er með Bs. í hagfræði og vinnur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Við ræddum við hann um hugmyndina, reksturinn og síðuna almennt.

### Hver er hugmyndin á bak við síðuna?

Alveg frá því að ég byrjaði í háskóla hafði þessi hugmynd blundað í mér. Man að þegar ég byrjaði í háskólanum þá fannst mér mjög skritið að það væri engin almennilegur skiptibókamarkaður fyrir námsmenn þar sem þeir sem vildu gætu einfaldlega selt bækurnar sínar sjálfir, milliliðalaust. Síðan þegar krónan og bankarnir féllu haustið 2008 þá var ég í skiptinámi í Danmörku og fannst einfaldlega að það væri tímabært að hrinda þessari hugmynd af stað. Þegar ég var úti fékk ég sjálfur að finna fyrir því að þurfa að kaupa bækur á 10 þúsund krónur stykkið og sá fram á að ég væri alveg tilbúinn til þess að kaupa þessar bækur notaðar á kannski 50% lægra verði, atriði sem maður hafði ekkert hugsað út í þegar námsbækurnar voru á 5 þúsund krónu stykkið. Í framhaldinu, þegar ég var kominn heim eftir skiptinámið hófst ég handa við að finna nafn á síðuna, samstarfsaðila, hvernig hún ætti að virka og svo framvegis. Síðan átta mánuðum seinna, í ágúst 2009, var síðan kominn í loftið og namar byrjaðir að nota hana.

### Hvernig virkar síðan?

Þú ert með bækur sem þú vilt selja og skráir þær inn, verðið, ástandið og síðan í framhaldinu fer auglýsingin þín í loftið. Notendur fara inn á síðuna og leita annaðhvort með leitarvélinni sem við erum með eða þá eftir skóla og námsgrein. Ef þeim finnst bókin á sanngjörnu verði er hægt að hafa samband í gegnum síðuna með því að senda tölvupóst eða þá hringja í viðkomandi. Við tökum engar þóknarir frá þeim sem eru að selja bækur eða óska eftir bókum þannig að allir eiga að græða á því að versla notaðar bækur á þennan hátt.

### Hvernig fjármagnið þið reksturinn?

Vefsíðan er aflarið fjármögnuð með auglýsingatekjum.

### Eru margir búnir að nýta sér síðuna?

Já, notkunin á síðunni hefur farið fram úr mínum björtustu vonum. Á þessum 7 mánuðum sem hún hefur verið í loftinu áætluð við að rúmlega níu þúsund bækur hafi verið seldar í gegnum síðuna að andvirði 36 milljóna króna. Þær stikkprufur sem við höfum gert sýna það að notendur síðunnar eru að selja bækurnar í flestum tilvikum á u.þ.b. helmingsafslætti þannig að miðað við þá forsendu má áætla að sparnaðurinn fyrir þá sem keyptu bækur í gegnum síðuna hafi verið um 36 milljónir. Síðan má ekki gleyma því að með því að fara þessa leið eru þeir sem versla með notaðar bækur að gera umhverfinu greiða, auk þess sem það munar töluvert fyrir nema að vera versla kannski notaðar bækur fyrir 30 þúsund á önn í stað þess að kaupa þær nýjar á 60 þúsund krónur.

### Er mikil samkeppni á þessum markaði?

Þegar ég ákvað að fara með síðuna af stað ákvað ég að taka þann pól í hæðina að fara ekki í samkeppni við neinn, vefsíðan yrði einfaldlega miðstöð þar sem namar gætu auglýst bækurnar sínar endurgjaldslaust. Því lít ég ekki á þessa síðu í samkeppni við neina bóksala, hvort sem þeir eru að selja notaðar eða nýjar bækur. Allir bóksalar sem þess óska er frjálst að setja bækur inn hjá okkur og tilgangur síðunnar er sá fyrst

og fremst að namar fái bækur á sem hagstæðasta verði og ég vona bara að það hafi tekist.

### Gengur þetta vel, er hagnaður?

Þetta gengur eins og ég vill að það gangi. Enn sem komið er hefur mér ekki borist launaseðill en vonandi kemur það einn daginn. Ég er bæði að vinna og í skóla þannig þessi vefsíða er meira áhugamál en eiturharður business. Síðan má ekki gleyma því að það er líka gaman að vita af því að notendur séu að hagnast á því sem maður hefur komið í loftið. Það er viss hagnaður líka þó það sjáist ekki á bankareikningnum mínum.



### Eitthvað að lokum sem þú villt segja við nemendur?

Hvet einfaldlega alla sem hafa hugmyndir, hversu heimskulegar sem þær hljómar, að skoða þær og meta síðan hvort þeim finnst það þess virði að framkvæma hana. Ef viðkomandi er tilbúinn til þess er ekkert annað að gera en að bretta upp ermar og fara af stað. Síðan segi ég bara gleðilegt sumar.

 **skiptibokamarkadur.is**  
- fyrir framhalds- og háskólanema



# 10 DROPAR

## María Ingunn



María Ingunn Þorsteinsdóttir býr ásamt dóttur sinni á fjölskyldugörðunum á Eggertsgötu og hefur búið þar síðan nóvember 2007. Henni líður vel þar og þykir henni svæðið vera mjög barnvænt og dóttir hennar á ekki í erfiðleikum með að finna sér leikfélaga. Húsgögnin hennar koma úr ýmsum áttum, frá fjölskyldunni hennar, nágrönnum og það sem hún hefur keypt sér sjálf.

## Steinunn Tómasdóttir



Steinunn Tómasdóttir kom sér fyrir á Lindargötunni fyrir einu og hálfu ári síðan. Staðsetningin heillaði enda ekki langt fyrir hana að fara í verslun, skokka upp á laugaveg og strætóstoppistöð er á næsta horni þar sem hún tekur strætó í skólann. Sófann keypti hún á sófadögum í Húsgagnahöllinni, allt skraut sem prýðir íbúðina keypti hún í ferðum sínum erlendis og önnur húsgöng fékk hún í IKEA. Það sem henni þykir vænst um er kommóðan í forstofunni en hana erfði hún frá afa sínum.

## Rúnar Ólason



Rúnar Ólason býr á Suðurgötunni og hefur búið þar í viku. Honum líkar nokkuð vel, finnst stutt að fara í skólann og sleppur hann núna við þriggja tíma ferðalag á dag því áður fyrr bjó hann á Akranesi. Sófasetið fékk hann frá ömmu sinni og afa, sófabordið kom úr þrotabúi fyrirtækis og allt annað í íbúðinni fylgdi nema fermingargræjur hans sem hann hefur komið vel fyrir. Rúnar fær eitt gott stig frá ritnefndinni því hann var sá eini sem bauð okkur upp á kaffi.

## Tryggvi Karl



Tryggvi Karl Valdimarsson hefur komið sér vel fyrir ásamt kærustunni sinni á Eggertsgötunni og hafa þau búið þar í eitt ár. Honum líkar mjög vel og finnst fjarlægðin í skólann vera helsti kosturinn. Hann finnur þó einn galla og það er leikskólinn sem er í garðinum hjá honum en honum fylgir ágætis læti frá krakkaskaranum. Húsgögnin koma frá foreldrum þeirra, öðrum fjölskyldumeðlimum og frá þeim sjálfum.



# VIÐTAL

## Stefán Pálsson

Stefán Pálsson sagnfræðingur ræðir við okkur um fortíðina, lífið í dag og segir okkur frá skemmtilegum staðreyndum um sjálfan sig. Stefán hefur síðastliðin 10 ár unnið hjá Orkuveitunni en til að byrja með átti þetta að vera tímabundið starf en í dag sér hann um minjasafnið þar.

### Hvernig myndir þú lýsa venjulegum degi?

Það mótast af því að ég er með 2 litla krakka, þarf því sjaldan að stilla vekjaraklukkuna sjálfur. Áður en haldið er í vinnuna þá byrja á að skipta á bleyjum og svo drösla þeim í leikskólann. Í vinnunni er ég mikið að kenna krökkum um rafmagn og eðlisfræði, hálf skrytið þar sem ég lærði seinast eðlisfræði í 10 bekk í gaggó. Síðan höldum við utan um safnið , tökum á móti gestum og þeir gestir sem koma inná safnið hafa mjög nörðanlega áhuga, eru kannski sænskir járnstraumsfræðingar sem vilja bara ræða um spennukefli eða einhverjar dreifistöðvar þannig að maður er kannski í því allan daginn. Með kvöldinu er maður farinn á einhvern fund út af þessu félagsstörfum sem maður er í. Það sem er tímafrekasta eru friðarmálin, ég hef verið lengi formaður samtaka hernaðarandstæðinga.

### Hvernig myndi draumadagur vera?

Í miðaldra fjölskyldu hógólífi ganga flestir draumadagar út á svefn, afslöppun og leti, maður vill komast út með krakkana og liggur beint við að við erum við Kjarvalsstaði sem er finn staður fyrir litla grísi. Þarna er kaffihús, nóg leikrými og lóð fyrir utan og annað slíkt. Þegar maður er búin að láta dótturina ærslast og vera úrvinda þá væri gott að skríða heim og þá væri jafnvel að klárast góður leikur í sjónvarpinu og síðan endar maður kvöldið á að fá sér bjór frá Ölvusholti, þið fáid hálfslíðu auglýsingu í blaðið út á þetta ;)

### Hvaða einn hlutur sem þú getur alls ekki verið án?

Ég fór í gegnum lífið án þess að vera með minnisbók, bara reynt að muna þetta eða með hjálp tilfallandi minnismiða. Áramótaheitið mitt var að loksins myndi maður kaupa sér minnisbók og punkta niður. Núna er ég búinn að vera

með bókina í 6 vikur og ef það stendur ekki í henni þá gerist það ekki. Ég hefði aldrei trúað því að maður gæti orðið svona háður henni. Kjánalegt eftir á að hyggja að hafa streist svona við , ég var nógu slæmur áður við að gleyma fundum eða tvíbóka hluti eða annað slíkt.

### Þegar þú varst lífill, hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Ég var fótboltaóður sem smáþjakkur en hafði það raunhæft sjálfsmat að ég vissi að ég væri ekki að fara að verða fótboltamaður. En íþróttافرéttamaður var toppurinn af tilverunni og laugardagar sem voru undirlagðir af enska boltanum með Bjarna Fel voru þvilík helgistund. Það hefur örugglega verið stóri draumurinn þegar ég var svona 7-8 ára að verða íþróttaréttamaður. Þegar ég var svona 11-12 ára þá var einhver sögusýning í skólanum, Melaskóli var 40 eða 50 ára og ég fékk það verkefni að tala við nemendur sem voru í fyrsta árgangi skólans. Ég fékk í hendurnar bekkjalista til að skoða og ég komst að því að Bjarni Fel var á listanum. Ég var í marga daga að hafa mig uppí það að hafa samband við hann, hann var svo stór figúra að það var eins og ég væri að fara að hringja í sjálfan forsetann. Að lokum hafði ég mig aldrei í að hafa samband við hann Bjarna.

En ég var samt fljótt kominn í það að hafa sagnfræðiáhuga , mér fannst nú fátt skemmtilegra en komast í gömul dagblöð og lá maður alveg í þeim ef ég komst í þau. Þannig það kom ekkert á óvart í hverju maður endaði. 8 ára gamli Stefán hefði alveg verið nokkuð sáttur 25 árum síðar.

### Hvað er skemmtilegasta og leiðinlegasta starf sem þú hefur unnið?

Ég var rosalega ánægður með sumarið sem ég var ruslakall. Ég var ekki í Reykjavík heldur vann ég í nágranna-

sveitafélögunum, var hörkuvinna og við spændum okkur í gegnum þetta til að ná 4 daga helgum. Það var ekki gaman að vakna hálf fimm á morgnanna og lyktin fór ekkert auðveldlega. Það þurfti minnst 2 sturtur á lokadegi vikunnar til að ná lyktinni úr. En það var samt eitt-hvað kúl við það að geta sagst vera ruslakarl. Ég hafði aldrei verið í eins góðu formi, útitekinn og grannur. Ég fékk smá kikk út úr því þegar þeir spurðu mig í lok sumarsins hvort að ég myndi ekki vilja taka einn vetur með þeim og fresta háskólanum, en það gerði ég ekki þótt að maður hafi nú freistast.

Vesta jobbið var svo tilgangslaust kannski vanþakklæti að segja að það hafi veri slæmt starf því að það var betur borgað en bæjarvinnan sem mér var bjargað úr til að fara í þessa vinnu. En ég var að vinna í saltfiski hjá SÍF ástæðan fyrir þessu verkefni var fullkomlega fáránleg. SÍF prentaði mikið magn af pakkningum til að senda til Evrópu. Á umbúðunum var mynd af saltfiski og helstu upplýsingar síðan var skrifað Íslandia á pakkann. Þá kom í ljós að í einhverju landi í Evrópu var þetta nafn skrásett vörumerki svo að þeir máttu ekki notað þetta nafn. Þá var ég ráðinn ásamt öðrum strák og okkur var rétt teiprúlla og skæri og við þurftum að fara í gegnum stæðurnar af pappakössum sem var ný búid að prenta út og líma yfir nafnið.

### Hver er þín helsta fyrirmynd?

Ég horfi mikið til manna sem eru staðfastir, fólk sem að trúir á málstað og heldur áfram að berjast fyrir honum þrátt fyrir mótlæti. Til dæmis maður sem dó nú ekki fyrir mörgum árum, Joe Strummer. Hann var söngvari í bresku pönksveitinni The Clash, og var róttæklingur fram í rauðann dauðann, bjó bara til sína pönktónlist, undirbjó samstöðu fundi , mótmæli og tónleika. Ég hef starfað með mönnum

í friðarhreyfingunni,og gjaldkerinn í félaginu mínu er á níráðisaldri, hann er hardastur að mæta og er alltaf mættur fyrstur á svæði og stokkinn til ef það er einhver málstaður sem krefst þess að það sé hjálpað til. Hann tók mikinn þátt í búsaðhaldarbyltingunni , ég vil verða svona þegar ég verð orðinn rúmlega 80 ára gamall.



### Með hvaða lið heldur þú í enska boltanum?

Það að velja sér lið í enska boltanum er eitthvað sem maður gerir þegar maður er 8-9 ára og svo situr maður uppi með þá ákvörðun. Málið er það að maður skiptir ekki um lið. Þegar ég var þetta lífill þá var lið í úrvalsdeild, Luton Town og ákvað ég þarna að þetta yrði mitt lið. Þegar að gervigras völlurinn við laugardal var tekinn til notkunar , þá léku þeir vígsluleikinn við Reykjavíkur Úrvalið og það komu 3000 manns að horfa á þennan leik í brunagaddi í janúar. Núna hefur enginn heyrt talað um Luton sem eru komnir í utandeildina eftir runu af misheppnuðum fjármálaævintýrum, ofmetnaðar og mistaka en ég fylgi þeim enn í dag. Ég hef farið út á leiki og maður er að reyna að fylgjast með þessu í gegnum netið en þeir voru síðast í úrvalsdeild árið 1992.

### Hvaða heimilisstarf sérð þú um á þínu heimili?

Það er ekki mikil formleg skipting á mínu heimili nema það að ég festi engar tölur, kem ekki nálægt háskalegum eggvopnum. Ég er nánast einráður um þvottinn. Það er með ólíkindum þegar maður er komin með börn á heimilið hvað þvotturinn eykst, ef það er ekki lágmark þvegin ein vél á dag þá er komið neyðarástand á nóinu . Það vill svo til að við búum í þannig húsi að það er sameiginlegt þvottahús og það eru eldri borgarar sem deila með okkur

þvottahúsinu. Við erum með fjöldann allan af snúrum og þetta er undirlagt af okkur, ef það kæmi annað barnafólk í húsið þá yrði bara neyðarástand.

### Hefur þú einhvern tímunn verið krúnurakaður?

Nei, en hef spáð í því og þegar ég var í Morfis í gamla daga þá vorum við komin á ystu nöf við að nota það í hléi að krúnuraka mig en á endanum létum við það eiga sig . Það sem hefur komið í veg fyrir það er tilhugsunin um það að maður sem er jafn krullaður og ég væri hlægilegur þegar þær væru að vaxa aftur. Amma mín var alltaf logandi hrædd við að ég yrði krúnurakaður og það var alltaf fjölskyldu drama þegar fór í klippingu. Ég var með svo fallegar ljósar krullur þegar ég var lífill og frændi minn var snoðaður og krullurnar komu ekki aftur. Þetta mátti aldrei gera við mig sem barn þótt það hefði verið þægilegt að losna við hárið á vorin.

### Hvað heldur þú að þú sért þekktastur fyrir á Íslandi?

Það fer mikið eftir hópum. Ég er oft búinn að vera að belgja mig í fjölmiðlum sem álitsgjafi og hef verið í spjallþáttum. Spurningarkeppnin Gettu Betur hefur átt mesta áhorfið en það er misjafnt eftir því hvernig menn meta þetta. Ég var eitt sinn fenginn í settið hjá Ólafi Sigurðssyni þegar bresku þingkosningarnar voru það árið. Það var svissað yfir í útsendinguna frá Sky og sýnt þegar Íslendingarnir voru að ræða þetta í settinu. Ég mætti á svæðið í bol sem ég átti með litlu merki af ardbeg wiskí á brjóstinu. Ólafur hafði af þessu þungar áhyggjur og var að spá í að senda mig heim því að ég væri með áfengis auglýsingu á brjóstinu. Ég reyndi að róa hann og segja honum að ég hafði 2-3 sinnum verið í þessum bol í útsendingu í Gettu betur en Ólafur sagði að þetta væri allt öðruvísi því að núna væri ég kominn í sviðsljósið. Honum fannst það að stýra spurningakeppni með 40-50 % áhorf ekki vera neitt miðað við að vera í spjallþætti um nótt um þingkosningar í Bretlandi, það er misjafnt hvernig menn horfa á þetta. En mér finnst voðalega gaman þegar ég hittir krakka sem muna bara eftir mér sem brjálaði kallinn á rafmagnssafninu.

### Hver er eftirminnilegasta umfjöllunin sem þú hefur lesið eða heyrt um sjálfan þig?

Þegar að ég var að keppa í gettu betur og var á seinasta árinu mínu í MR, það voru þingkosningar sama vor. Ég var ný byrjaður í ungliðahreyfingunni og var settur í 16 sæti hjá alþýðubandalaginu og það er eins neðarlega og mögulegt er. Allt í einu, rétt áður en við vorum að fara að keppa okkar fyrstu viðureign þá allt í einu verður þetta að blaðamáli og einhver dregur fram einhverjar reglur um hlutleysi ríkisútvarpsins og það þyrfti 2 fundi hjá útvarpsráði til að úrskurða um það hvort að það væri í lagi að ég sem frambjóðandi mætti koma fram í innlendri dagskrágerð sjónvarpsins. Þetta endaði með því að þeir samþykktu þetta , þeir litu á það eins og ég væri að keppa í íþróttagrein, Dagur Sigurðsson var í landsliðinu í handbolta og var einnig í framboði hjá sjálfstæðisflokknum og sáu þeir fram á það að það væri erfiðara ef þeir mættu ekki sýna leiki út af þessu.

### Er einhver undarleg staðreynd um sjálfa þig?

Já, ég á að baki óopinberan landsleik. Fyrir mörgum árum þá fékk einn félaginn minn mikla krikket dellu og linnti ekki látum fyrr en stofnað var krikketfélag. Krikket klúbburinn Kylvan Reykjavík eða KKKR. Vinur minn setti sig í samband við evrópska krikketssambandið og það var stofnað krikket ráð Reykjavíkur og Kiljan fékk aðild að íþróttabandalagi Reykjavíkur. Útlendingarnir linntu ekki látum, þeir voru alltaf að reyna að koma aðildarlöndum inn með það markmið að koma krikketi inn á ólympíuleikanna. Þeir sendu okkur alls kyns búnað og útveguðu okkur þjálfara og komumst við í fréttir á alþjóðlegri krikket síðu. Við byrjuðum að fá fyrirsurnir og endaði það með því að við tókum á móti Bresku liði sem voru gamlir nemendur úr Oxford sem voru að fara að steggja féлага sinn og spilðuðu formlega við okkur óopinbera Íslenska landsliðið. Ég keppti líka í fyrsta úrslitaleik bikarkeppninnar í krikket þar sem við töpuðum fyrir liði í Stykkishólmi. Þetta er svona íþróttafortið mín sem fólk gerir sér ekki almennt grein fyrir.



# KENNARARNIR OKKAR Í LÉTTUM SPURNINGUM

1. Með hvaða liði heldur þú í ensku?

2. ESB eða ekki?

3. Af hverju eiga nemandur að velja viðskiptafræði í HÍ frekar en HR?

4. Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu þínu?

## Friðrik Eysteinnsson

1. Manchester United, er búinn að halda með þeim frá því ég man eftir mér.

2. ESB já, en þetta er ekki rétti tíminn, þetta fer ekki í gegn.

3. Í HÍ fá nemandur betra nám á lægra verði.

4. Ég ætla að fara til Tyrklands í nokkra daga, til Istanbul. Ég er að fara halda fyrirlestur á ráðstefnu og ætla að nota tækifærið til að vera nokkra daga til viðbótar.

## Margrét Sigrún Sigurðardóttir

1. Ég hef ekki séð einn einasta leik þannig að ég segi pass.

2. Við skulum bara sjá hvað kemur út úr samningaviðræðunum.

3. HÍ er miklu betri skóli og býður upp á möguleika sem að HR getur ekki boðið uppá. Það er að hér er hægt að taka aukafag í nánast hverju sem maður vill, hægt að búa nánast til sína eigin gráðu. Ef maður hefur áhuga á tungumálum og viðskiptum þá getur maður blandað því saman með því að taka aðalgrein í viðskiptafræði og aukagrein í tungumálum, ef maður hefur áhuga á tölvunarfræði þá getur maður tekið aukagrein í tölvunarfræði og aðalgrein í viðskiptafræði þannig að möguleikarnir að búa til sína eigin gráðu eru nánast óendanlegir.

4. Ég er að hugsa um að fara í sumarbústað og lesa bækur og vera ekki í netsambandi, aðal markmiðið að vera ekki í netsambandi.



Friðrik



Snjólfur



Margrét



Bjarni

## Snjólfur Ólafsson

1. Engu

2. Já, ég tel að íslenska krónan sé ónot-hæf og held að flestir hafi upplifað það á síðustu misserum hvað það er vont að vera með íslensku krónuna. Eina leiðin til að fá nýjan gjaldmiðil er að fá Evru og það gerum við með því að ganga í ESB.

3. Það er ekkert eitt rétt svar við þessu, þetta eru tveir góðir kostir að mínu mati. Ef að menn vilja fá eins traustan grunn og þeir geta þá bendir margt til þess að HÍ sé betri kostur.

4. Ég ætla meðal annars að spila gólf og vera með fjölskyldunni og barnabörnunum.

## Bjarni Frímann Karlsson

1. Ég þekki bara Manchester United og held með því.

2. Það er ekki tímabært að svara því strax, ég er ekki búinn að setja mig nógu vel inn í málið. Ég var áður fyrir mjög harður á móti því en eftir hrun hefur kannski komið upp að við værum betri sett í ESB en þó finnst mér margt fæla frá því þannig að ég er ekki búinn að gera upp minn hug.

3. Námið er ókeypis í HÍ og hér eru betri kennarar.

4. Ég ætla að vinna að húsaviðhaldi fyrst og fremst og ferðast líka.

# KREPPAN Í JÁKVÆÐRI MYND

Eins og flestir vita þá misstu fjölmargir starfsmenn vinnuna í kjölfar kreppunnar. Við spjöll-uðum við 2 einstaklinga sem unnu bæði í banka fyrir kreppu og eru bæði komin í nýja og spennandi vinnu í dag.

## Upplýsingar um sjálfa þig - aldur, menntun, fjölskylduhagir.

Ég kláraði BS í véla- og iðnaðarverkfræði frá HÍ og DTU í Danmörku, sem og uppeldis- og kennslufræði frá HÍ. Útskrifaðist svo með MS í iðnaðarverkfræði frá Bandaríkjunum. Ég er 29 ára og í sambúð með Gunnari Páli Stefánsyni, verkfræðingi hjá Mannvit.

## Hvernig var staðan þín á vinnumarkaðnum fyrir kreppu?

Ég starfaði sem verkefnastjóri hjá Upplýsingatæknisviði Landsbankans. Ég sá um kostnaðargreiningar á markaðsupplýsingum fyrir útibú og dótturfélög bankans í Evrópu.

## Upplýsingar um sjálfan þig - aldur, menntun, fjölskylduhagir.

Ég er fæddur 1980 og verð því 30 ára núna í sumar. Ég er tölvunarfræðingur og með meistaraþráðu í stærðfræðikennslu. Ég bý í Breiðholti.

## Hvernig var staðan þín á vinnumarkaðnum fyrir kreppu?

Ég byrjaði að vinna sem tölvunarfræðingur hjá Landsbankanum haustið 2006. Ég vann fyrst við prófanir og svo sem verkefnastjóri. Ég sagði upp mánuði fyrir hrundið en hefði misst vinnuna í hruninu ásamt helmingnum af deildinni sem ég vann í.

## Hvernig er minning þín um október 2008?

Í hruninu var ég í atvinnuleit heima að refresh-a fréttasíður á netinu. Þess á milli var ég á MSN að spjalla við fólkið sem ég þekkti í Landsbankanum, það

## Hvernig er minning þín um október 2008?

Þegar Lehman Brothers féll var ég að vinna í London og var eftirminnilegt að upplifa ástandið í bankahverfinu City. Ég flaug svo heim til Íslands stuttu síðar og hafði aðeins verið á landinu í 3 daga þegar Glitnir var þjóðnýttur. Ekki löngu síðar féll Landsbankinn og þá var starf mitt lagt niður, enda var ég mest megnis að vinna fyrir erlendar starfsstöðvar bankans.

## Hver er staða þín dag?

Í dag starfa sem ég verkefnastjóri í Stofnstýringu hjá tryggingafélaginu Sjóvá.

## Ertu sátt við stöðu þína í dag?

Fall bankanna var töluvert sjokk, enda dínamískt og skemmtilegt umhverfi að vinna í. En þegar einar dyr lokast, eiga aðrar það til að opnast, og mér bauðst áhugavert starf hjá Sjóvá. Það eru mjög spennandi tímar framundan hjá Sjóvá sem ég hlakka til að taka þátt í og móta.



Þóra Pálsdóttir

Síðasta haust færði ég mig svo yfir í Menntaskólanum í Kópavogi og er þar nú að kenna stærðfræði og upplýsingatæknir. Það er æðislegt að kenna þar því að skólinn er svo fjölbreyttur. Í vetur er ég einnig búinn að vera með tvö námskeið fyrir grunnskólabörn hjá Ad Astra.

## Ertu sáttur við stöðu þína í dag?

Ég er mjög sáttur við mína stöðu í dag. Ég er mjög nálægt því að vera kominn í draumastarfið. Á næstu önn fæ ég að kenna valáfanga í MK sem heitir Tölvuleikjagerð. Ég mun nýta sumarið í að búa kennslufni fyrir áfangann. Svo fer ég með útskriftarnemum MK til Tyrklands í lok sumars. Auk þess var mér boðin staða sem félagsmálafulltrúi í MK næsta ár. Það felst í því að aðstoða



Hlynur Hauksson

## Hver er staða þín dag?

Það var rosalega gott að vera kominn í grunnskóla í hruninu. Á meðan félagar mínir í bankanum voru að reita af sér hár sitt og skegg var ég með nemendum að læraeðlisfræði.



# 90%

## ÍSLENDINGA LESA MORGUNBLAÐIÐ OG MBL.IS Í VIKU HVERRI

Ef þú átt erindi við þjóðina þarftu ekki að leita lengra.  
Daglega nærðu til nær 70% og í viku hverri til 90% landsmanna.

Þetta kemur fram í mælingu Capacent á notkun fjölmiðla  
frá nóvember 2009 til janúar 2010.

(Hér er átt við daglegan og vikulegan lestur á bæði Morgunblaðinu og mbl.is  
eða öðru hvoru þeirra.)

**mbl.is**

**Morgunblaðið**

— Meira fyrir lesendur

**Háma**  
HOLLUR OG GÓÐUR HÁSKÓLAMATUR

**GEISLI**

**PENNINN**

  
**Landsvirkjun**

# BÍLAR NEMA

Viðskiptafræðinemar aka að sjálfsögðu um á flottustu bílunum, við tókum smá rölt um bílastæðin og fengum 4 nemendur til að segja okkur aðeins frá sínum bílum.

1. Hvaða tegund er bíllinn?
2. Árgerð?
3. Er hann á lánum eða áttu hann?
4. Hefur bíllinn gælunafn?
5. Hvað þrífur þú hann oft?

## Hjalti Rögnvaldsson

1. Golf
2. 1998
3. Ég keypti hann og staðgreiddi.
4. Golfinn
5. Svona einu sinni í mánuði.



## Júlía Skagfjörð

1. Toyota Yaris
2. 2004
3. Smá bæði bara en ég á hann meira.
4. Nei
5. Ég þríf hann ekki oft að jafnaði, en ég þríf hann mjög oft á sumrin þó.



## Anna María Þorleifsdóttir

1. Golf
2. 2003
3. Á lánum.
4. Nei
5. Sex sinnum, á tveggja mánaða fresti.



## Gestur Steinþórsson

1. Rauður
2. Á milli 1999-2001
3. Reyndar á amma hans Hjartar hann.
4. Bíllinn
5. Rigningin sér um það og það rignir svona 30 sinnum á ári.





# Gjöf náttúrunnar til þín

# Omega-3

FISKIOLÍA

MEÐ  
SÍTRONU-  
BRAGÐI



Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.


Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.



**Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:**


- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.



[www.lysi.is](http://www.lysi.is)

## Við horfum til framtíðar



Um árabíl hefur KPMG verið leiðandi á markaði endurskoðunar- og ráðgjafarfirmatækja og veitir mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins þjónustu. Á tímum óvissu horfum við með opnum huga til framtíðar og erum reiðubúin að takast á við þau krefjandi verkefni sem við blasa.

KPMG býr yfir vel þjálfuðu starfsfólki sem er opið fyrir innendum sem erlendum straumum þekkingar. Við leitumst við að vera aðlaðandi vinnustaður og veitum fólki möguleika á að þróa hæfileika sína og þekkingu í samfélagi fagfólks.

Einn megintilgangur félagsins er að veita fyrirtækjum og einstaklingum sérhæfða þjónustu sem grundvallast á áreiðanleika, fagmennsku og öryggi. Með markvissu samstarfi kryfjum við málin til mergjar.

[www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)





VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

## Námsleiðir í meistaranámi:

**MS** í fjármálum fyrirtækja

**MS** í mannauðsstjórnun

**MS** í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

**MS** í reikningshaldi og endurskoðun

**MS** í stjórnun og stefnumótun

**MS** í viðskiptafræði

**MA** í skattarétti og reikningskilum

**M.Acc.** í reikningshaldi og endurskoðun

**MBA** í viðskiptafræði

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl, nema í MBA nám sem er 5. maí. Hægt er að sækja um rafrænt á [www.vidskipti.hi.is](http://www.vidskipti.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD